flugur@gmail.com <flugur@gmail.com>

Til : Skipulag
Frá : flugur@gmail.com <flugur@gmail.com>
Heiti : Borgarlína um Borgarholtsbraut - athugasemdir íbúa
Málsnúmer : 2003236
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv
Skráð dags : 30.5.2021 23:01:40
Höfundur : flugur@gmail.com <flugur@gmail.com>

Ágætu skipulagsyfirvöld

Vil ég láta í ljós þá skoðun mína um legu borgarlínu eftir endilangri Borgarholtsbraut að hún vekur furðu mína og þá sérstaklega í ljósi þess að um er að ræða rótgróið, rólegt íbúahverfi og er engann veginn í takt við væntingar íbúa til síns nærumhverfis og þá staðreynd að sitthvoru megin við áætlaða leið eru tveir grunnskólar sem starfa á sitthvoru skólastiginu og töluverður umgangur barna á milli skólanna. Það þarf ekki neinn sérstakan sérfræðing til að sjá hvaða pláss er til umráða hér við götuna og allar kynntar breytingar þýða umtalsverð óþægindi og breytingar á tilverunni eins og hún er núna fyrir íbúa og þá sérstaklega hvað varðar bílastæði og leiðir í og út úr hverfinu. Þetta þarf að ræða.

Kynning á þessum framkvæmdum var haldin s.l. vetur fyrir íbúa götunnar, fjarfundur mitt í Covid faraldri og eftir því sem ég tók best eftir var mikið um umsagnir kynnenda líkt og ; stefnt er að, líklegt er og ekki er gert ráð fyrir og fl. í þeim dúr. Ég vænti þess að okkur íbúum við götuna verði kynnt NÁKVÆMLEGA hvers má vænta vegna þessara framkvæmda og hvaða áhrif þetta mun hafa til framtíðar, til að hægt sé að mynda sér skoðun á málinu. Það er ekki boðlegt að yfirvöld geti "laumað" svona málum í gegn án fulls samráðs við íbúa og algjörs gegnsæis um málið.

Ég sem íbúi við þessa götu er ekki tilbúinn til að taka á mig þau óþægindi og rask sem þetta mun valda þrátt fyrir að skv. skipuleggjendum muni þetta leysa gríðarlegan vanda annarra íbúa höfuðborgarsvæðisins, vanda sem ég sjálfur hef ekki orðið var við og tel mun minni og auðleysanlegri en látið er í veðri vaka.

Þannig að því er hér með komið á framfæri að það er algjör andstaða okkar íbúa að Borgarholtsbraut 78 við fyrirhugaðar framkvæmdir og er það mat mitt að svo sé um flest alla íbúa hér við götuna.

B.kv

Björgvin Hauksson

íbúi við Borgarholtsbraut

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@minjastofnun.is>

Til : USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>;Skipulag;ssh@ssh.is <ssh@ssh.is>
Frá : Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@minjastofnun.is>
Heiti : Borgarlina 1 lota
Málsnúmer : 2003236
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv
Skráð dags : 30.5.2021 17:51:21
Höfundur : Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@minjastofnun.is>

Viðhengi
image001.jpg
Borgarlína bref 29 mai 2021.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Góðan dag,
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands vegna 1 lotu Borgarlínu.

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Kristín Huld Sigurðardóttir PhD, MPA
Forstöðumaður /Director General
Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Islands kulturarvsstyrelse
Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301
kristinhuld@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg - Umhverfis - og skipulagssvið
Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 29. maí 2021
*MÍ*202102-0094/6.08/ K.H.S.

Efni: Borgarlínan, Reykjavík - Kópavogur

Minjastofnun Íslands hefur fengið send inn erindi frá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að koma með athugasemdir vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2012.

Annars vegar er um að ræða *Rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40 – Borgarlínan í Reykjavík 1. lota Borgarlínunnar: Ártún – Fossvogsbrú. Vinnslutillag í Forkynningu, janúar 2021* og hins vegar *Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs 2019 – 2040. Borgarlínan í Kópavogi, 1. lota Borgarlínunnar: Kársnes-Hamraborg. Vinnslutillaga í Forkynningu, janúar 2021.*

Minjastofnun Íslands telur aðsend gögn vegna Borgarlínu þess eðlis að erfitt er að taka afstöðu til þeirra. Ljóst er að einungis er óskað umsagnar vegna fyrstu lotu verkefnisins, en fyrir liggja upplýsingar um aðrar lotur sem hafa áhrif á fyrstu lotu. Gerð er athugasemd við að óskað er athugasemda við einstaka lotur í stað þess að kynnt sé heildaráætlun um verkefnið sem hægt væri að taka afstöðu til. Áætlun um Borgarlínu í Reykjavík og umfang hennar þarf að skoða strax í heild sinni, þar sem verkefnið hefur gífurleg áhrif á friðuð og friðlýst hús og mannvirki. Kort og mælieiningar eru víða óljós. Upplýsingar um leiðakerfi Borgarlínu og áhrifasvæði hennar vegna innviðauppbyggingar eru í sumum tilfellum misvísandi og óljósar og ekki hægt að taka afstöðu til þeirra.
Minjastofnun Íslands fær ekki betur séð en að leggja eigi breiðar brautir fyrir Borgarlínu, reiðhjól og bifreiðar og byggja biðstöðvar á viðkvæmum svæðum, við þröngar götur þar sem fyrir eru friðuð og friðlýst hús og mannvirki. Ekki fæst séð að Borgarlína, eins og hún virðist hugsuð, komist fyrir án þess að hafa veruleg áhrif á byggðamynstrið í elsta hluta Reykjavíkur og víðar. Minjastofnun Íslands gerir athugasemdir við þau áform.

Minjastofnun Íslands getur ekki tekið afstöðu til aðalskipulagstillagnanna fyrr en sveitarfélögin hafa skilað inn vandaðri vettvangsskráningu fornleifa, húsa og mannvirkja á öllu því svæði sem gert er ráð fyrir að Borgarlína fari um og einnig á áhrifasvæði Borgarlínu, sem enn er óljóst hvert verður að umfangi.

Gert er ráð fyrir að Borgarlínan þveri Fossvoginn og er nauðsynlegt að kannað verði hvort einhverjar minjar séu á því svæði. Þá þarf einnig að skrá og taka afstöðu til herminja sem eru í Öskjuhlíð og við flugvöllinn í Reykjavík en krafa

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

um skráningu og varðveislu herminja er gerð með hliðsjón af 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (hér eftir nefnd Minjalög).

Liggi fyrir eldri skráning, þarf að uppfæra hana til dagsins í dag, þar sem allar minjar sem náð hafa 100 ára aldri, hvort sem það eru fornleifar, mannvirki eða hús, eru friðaðar. Herminjar, þótt yngri séu, eru varðveisluverðar sbr. skýringar með umræddri 7. gr. Minjalaga. Á ýmsum svæðum sem Borgarlína virðist eiga að fara um eru auk þess friðlýst hús og mannvirki en slíkar minjar njóta sérstakrar verndar.

Eins og kemur fram í 16. gr. Minjalaga er skylt að vettvangsskráning, eins og hér er fjallað um, fari fram í tengslum við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaga. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda áður en slík skráning hefur fengið samþykki Minjastofnunar Íslands og stofnunin hefur tekið afstöðu til þeirra upplýsinga sem skráningin veitir. Slíkar upplýsingar geta vissulega haft áhrif á lagningu Borgarlínu.

Gerð er athugasemd við að farið er að gera samninga um hönnun Borgarlínu áður en Minjastofnun getur brugðist minjaskráningunni út frá fornmninja-húsa- og mannvirkjaskráningu
(sjá: https://borgarlinan.is/utgefid-efni/frettir/samningar-undirritadir-um-honnun-a-fyrstu-lotu-borgarlinunnar og
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/05/27/samningur_um_honnun_fyrstu_lotu_borgarlinu/).

Ljóst er að Borgarlínu er ætlað að liggja um mjög viðkvæm svæði, m.a. í miðbæ Reykjavíkur og víðar. Gert er ráð fyrir 18 til 24 metra löngum vögnum, sem haldi þjónustunni uppi, þótt horft sé eitthvað til smærri vagna. Vagnarnir fara á milli stöðva sem eru yfirleitt með 400-500 metra bili en mest eru ætlaðir 800 metrar á milli stöðva. Stöðvarnar ná yfir misstórt svæði eftir því hvort um tengistöðvar eða almennar stöðvar er að ræða. Gert er yfirleitt ráð fyrir tvöföldu sérrými fyrir borgarlínuvagna og umfangsmiklu svæði fyrir stöðvar. Þá er gert ráð fyrir gangstéttum, hjólastígum, akbrautum, öryggissvæðum við stöðvarnar, gróðurreitum og öðrum innviðum. Ekki fæst séð betur af mynd 5.2 á bls. 14 í Rammahluta Reykjavíkur en að það snið þurfi um 34,5 m breitt svæði fyrir götu og annað gatnarými og nauðsynlega innviði tengda Borgarlínu og hjólastæði að auki. Í miðbæ Reykjavíkur, þar sem er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, eru götur það þröngar að ekki er pláss fyrir borgarlínugötur eins og þær eru kynntar á mynd 5.2. Breidd Hverfisgötu er mest um 15,5 m, Lækjargötu 29 m, Fríkirkjuvegar 21 m og Vonarstrætis 13,4 m. Suðurgata, þar sem eru bæði friðuð og friðlýst hús og að auki friðaður kirkjugarður (Hólavallagarður), er einungis 10 m breið. Skothúsvegur er aðeins 12,5 m breiður. Teikningar af biðstöðvum, eins og við Hverfisgötu, benda til mikilla áhrifa á húsin við götuna. Ekki fæst séð hvernig koma á Borgarlínu fyrir á þessum svæðum án þess að hún hafi veruleg neikvæð áhrif á friðuðu og friðlýstu húsin, Hólavallagarð og borgarásýndina í miðbænum.

Á mynd 2.1 (bls. 5) má sjá aðrar og þéttari leiðir Borgarlínu, sem hafa áhrif á mun fleiri friðuð hús sem liggja við enn þrengri götur. Þær leiðir eru ekki hluti af því sem óskað er eftir að fjallað sé um nú. Kortið er óljóst og gefur ekki rétta mynd af því sem til stendur frekar en önnur gögn sem lögð eru fram vegna þessa verkefnis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Borgarlínan fer einnig um gamla byggð í Kópavogi um Kársnesið. Þar má vænta fornleifa og uppfærsla á fornleifaskráningu því nauðsynleg. Þrátt fyrir að húsin á svæðinu séu yngri en þau í Reykjavík er mikilvægt að þar fari fram nákvæm húsakönnun til að hægt sé að taka afstöðu til áhrifa línulagnarinnar og áhrifasvæða hennar á byggðina.

Minjastofnun Íslands telur að Borgarlína hafi veruleg neikvæð áhrif á friðuð og friðlýst hús og mannvirki á þeim svæðum sem Borgarlína fer um og áhrifasvæði hennar í elstu hverfum Reykjavík. Kanna þarf áhrifin í Kópavogi. Gróf áætlun er að fyrsta lota hafi áhrif á rúmlega hundrað hús í Reykjavík. Væntanlega mun þétting línunnar í gömlum hverfum hafa veruleg áhrif á hundruð húsa og mannvirkja til viðbótar. Þá á stofnunin von á að fara þurfi fram miklar og tímafrekar fornleifarannsóknir víða þar sem línan liggur, en þó fyrst og fremst í miðbæ Reykjavíkur.

Stofnunin ítrekar að vegna gæða gagna og óljósrar stefnu um legu og umfang Borgarlínu og áhrifasvæði hennar getur stofnunin ekki tekið raunsanna afstöðu til þess sem óskað er umsagnar um umfram það sem fjallað hefur verið um hér að framan. Svo unnt sé að meta gögnin og koma með mótvægiskröfur er nauðsynlegt að fram fari nákvæm vettvangsskráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum á öllu svæðinu í samræmi við 16. gr. Minjalaga.

Minjastofnun Íslands minnir á að allar leyfisveitingar sveitarfélaga til framkvæmda, sem hafa áhrif á friðuð og friðlýst hús og mannvirki eða friðlýstar og friðaðar fornleifar eru óheimilar fyrr en afstaða Minjastofnunar Íslands liggur fyrir eins og kveðið er á um í 2. mgr. 30. gr og 3. mgr. 23. gr. Minjalaga.

Þar sem Borgarlína mun hafa veruleg áhrif á friðuð og friðlýst hús og mannvirki auk fornminja hvetur Minjastofnun Íslands til þess að verkefnið sé unnið í náinni samvinnu við yfirvöld minjaverndar og komið verði þegar í stað á samtali við Minjastofnun Íslands um þetta verkefni.

Virðingarfyllst,

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Samrit sent til:
Reykjavíkurborgar, skipulag@reykjavik.is
Kópavogskaupstaðar, skipulag@kopavogur.is
Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Samráðsgátt: island.is

Skipulagsstofnun

Kópavogsbær
Berglind Ósk Kjartansdóttir, ritari skipulagsdeildar
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 25. maí 2021
Tilvísun: 202005050 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Borgarlínu 1. lotu, Kársnes - Hamraborg

---

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 19. febrúar 2021, sent Skipulagsstofnun til athugunar vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Borgarlínu, 1. lotu sem nú er í kynningu samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Vinnslutillagan er sett fram í greinargerð dags. janúar 2021.

Tillagan er sett fram sem rammahluti aðalskipulags Kópavogs og felur í sér nánari útfærslu á legu Borgarlínunnar og staðsetningu biðstöðva. Jafnframt eru kynnt viðmið sem líta ber til við útfærslu borgarlínubrauta og borgarlínugatna, í deiliskipulagi göturýmis og hönnun innviða. Gert er ráð fyrir að ákvarðanir um legu Borgarlínunnar og staðsetningu kjarnastöðva verði bindandi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir vinnslutillöguna og telur hana gefa góða mynd af viðfangsefnum fyrirhugaðra breytinga tengdum Borgarlínu. Tillagan styður við viðfangsefni landsskipulagsstefnu um áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

Í kafla 6.2 er fyrir umhverfisþáttinn *Heilsa og öryggi* sett fram matsspurningin *„Hvaða áhrif hefur Borgarlínan á lýðheilsu, s.s. aðstæður til heilsueflingar, aðgengi að útivistarsvæðum?“* Í umhverfismatinu er einungis fjallað um áhrif af loftgæðum og hljóðmengun á heilsu og öryggi. Tilefni er til að draga fram þau jákvæðu áhrif sem Borgarlína getur haft á lýðheilsu, sbr. gr. 7.4 í viðauka við landsskipulagsstefnu.

Athuga þarf samræmi í notkun hugtaka fyrir borgarlínustöðvar, ýmist er talað um kjarnastöðvar eða stórar tengistöðvar. Einnig þarf að gæta samræmis við hugtakanotkun um slíkar biðstöðvar í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartúni 7b | Sími 595 4100 | www.skipulag.is
IS-105 Reykjavík | Kennitala 590269 5149 | skipulag@skipulag.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir

Til : Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Frá : Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Heiti : FW: Athugasemdir við Borgarlínu um Borgarholtsbraut
Málsnúmer : 2003236
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv
Skráð dags : 2.6.2021 12:35:00
Höfundur : Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir

Viðhengi

Tillaga að leið almenningssamgangna um Kársnes í stað brúar.jpg
Alvarlegar athugasemdir og mótmæli gegn áformum um að Borgarlína fari um Borgarholtsbraut.docx

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

From: Thorkell Gudnason <kela2@simnet.is>
Sent: föstudagur, 30. apríl 2021 14:52
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>; borgarlinan@borgarlinan.is
Cc: 'Thorkell Gudnason' <kela2@simnet.is>
Subject: Athugasemdir við Borgarlínu um Borgarholtsbraut

Til Borgarlínuverkefnisins - borgarlina@borgarlina.is
og Skipulagssviðs Kópavogsbæjar skipulag@kopavogur.is

Í viðhengjum eru athugasemdir mínar sem húseiganda að Borgarholtsbraut 71 þar sem hugmyndir virðast uppi um að gerður verði áfangastaður / stoppistöð sem fjallað er um undir heitinu "við Stelluróló"

Jafnframt fylgja fleiri viðhengi málefninu viðkomandi

Mbk
Þorkell Guðnason
Borgarholtsbraut 71

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Til Skipulagssviðs Kópavogsbæjar skipulag@kopavogur.is
og borgarlinan@borgarlinan.is


Athugasemdir og mótmæli gegn áformum um að Borgarlína fari um Borgarholtsbraut:

Undirritaður er eigandi faste. Borgaholtsbraut 71, sem fjölskylda mín hefur átt frá upphafi
Faðir minn var fyrsti kaupmaðurinn, sem náði að fóta sig við rekstur matvöruverslunar í Kópavogi. en hann hóf sinn kaupmannsferil í Fossvogsbúðinni að Kársnesbraut 1 árið 1950. Hann byggði þetta hús yfir rekstur sinn, flutti Fossvogsbúðina hingað árið 1960 og nefndi síðan Kársneskjör.


Staða hússins Borgarholtsbraut 71 - er Verslanamiðstöð í biðstöðu / - atvinnurými
sbr samþ. teikning 194406 05.12.2002

1. **Ég MÓTMÆLI Staðsetningu áfangastöðvar Borgarlínu „við Stelluróló“**

Réttur minn til nýtingar athafnasvæðis ásamt bílastæðum norðan húss míns hefur fyrir löngu öðlast stöðu fullnaðrar heðar. Ekki hefur verið gerð minnsta tilraun til samráðs við eiganda hússins og fullhefðaðra réttinda, til nýtingar athafnasvæðisins norðan þess.
Borgarlínuhönnuðir hafa engan rétt til að stikla hér um og fabúlera um ráðstöfun bílastæða sem útbúin voru til að þjóna viðskiptavinum húss míns.
„Bílaplanið“ hefur gegnt því hlutverki í fullan hefðartíma skv. lögum nr 46/1905 1.-2.gr sbr 7.-8.gr. Þar af leiðandi verður svæðinu ekki ráðstafað til annarra nota. Verslunarrýmin og réttindi sem þeim tengjast voru alla tíð í eigu foreldra minna og færust yfir til mín við arfskipti. Bygging hússins hófst 1958, það var tekið í notkun í sept.1960 og verslunarrekstur var óslitið í því til ársins 2010 og síðan hefur verið beðið færis til að hefja starfsemi aftur.
Á samþykktum teikningum frá 1999 eru atvinnurýmin skilgreind sem slík ásamt „Núverandi bílastæðum viðskiptavina“ meðfram Borgarholtsbraut, fjærst húsinu auk annarra bílastæða sem húsinu tilheyra. Sjá: meðf. eru TVÖ skjáskot sem sýna útdrátt teikningar:



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



2. **<u>Ég MÓTMÆLI öllum hugmyndum um breytta hæðarlegu Borgarholtsbrautar í námunda „við Stelluróló“ og vestur fyrir gatnamót Hégerðis/Holtagerðis. Gatan er löngu fullfrágengin – þótt hún henti engan veginn fyrir Borgarlínu</u>**

Borgarholtsbrautin fékk endanlegan frágang og núverandi ásýnd, eftir langa og erfiða fæðingu, sem bitnaði harkalega á atvinnurekstri föður míns um og upp úr 1970.
Í hátt á annað ár, var tæpast fært að húsinu, nema fuglinum fljúgandi og margir viðskiptavinir föður míns sneru sér því annað. – Verktakinn gafst upp í miðjum klíðum. Um afar erfiða rauðgrýtis klöpp er að ræða í götustæðinu - og húsin standa á sömu klapparhellunni. Sum eldri húsin eru hlaðin úr holsteini og veggir eldri húsanna voru ekki járnbentir – Þó ekki sé nema af þeirri ástæðu, ber að forðast alla óþarfa landmótun og alls ekki að nota sprengiefni. Ég lýsi hér með fullri persónulegri ábyrgð á hendur þeim sem stuðla að eða stofna kynnu til slíkra framkvæmda.
Hliðstæð dæmi um hrun atvinnustarfsemi vegna opinberra framkvæmda eru nærtæk úr fjölmiðlum á undanförnum mánuðum s.s. „Grái Kötturinn“ vegna neðri hluta Hverfisgötu

3. **<u>Ég MÓTMÆLI öllum hugmyndum um EINSTEFNU akstur á Borgarholtsbraut.</u>**
Hafna því að skerða megi aðgengi íbúanna að eignum sínum – auka kolefnisspor þeirra og sóa tíma þeirra, í þágu áróðurs og draumsýnar um Borgarlínu.

4. **<u>Ég MÓTMÆLI öllum hugmyndum um að Borgarholtsbrautin verði leið Borgarlínu.</u>**
Borgarholtsbrautin er gata í grónu íbúðahverfi – og hún sker sundur „skólalóð“ barnanna í Kársnesskóla. - Þess vegna var hún gerð að 30Km götu með mörgum hraðahindrunum. Bara að sunnanverðu við götuna, taldi ég um 100 heimkeyrslur að bílastæðum og bílgeymslum innan lóða, frá Urðarbraut vestur að gatnamótum við Kópavogs-/Kársnesbraut. Að norðanverðu á sama kafla, eru að auki rúmlega 50 heimreiðar sem mundu þvera forgangsakstursleið Borgarlínu.

5. **<u>Ég MÓTMÆLI öllum fyrirætlunum um „Hraðhjólabrautir“ um Borgarholtsbraut.</u>**
Reiðhjól eru allra góðra gjalda verð og sambúðin við hjólreiðamenn virðist án vandræða hér, **<u>við núverandi aðstæður</u>**. Hins vegar er af og frá að gatan beri „hraðhjólabraut“ þó ekki sé nema vegna þeirra 150 heimreiða (sjá lið 4) sem íbúar verða að nýta í meira mæli, ef bílastæðin meðfram götunni verða lögð af.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

6. **<u>Rök mín gegn fyrirætlunum um „Hraðhjólabrautir“ um Borgarholtsbraut:</u>**
   Snúast fyrst og fremst um umferðaröryggi - Fjölfarnar Hjólreiðabrautir sem einkum yrðu nýttar af íbúum annarra hverfa, mundu einnig skera gönguleið skólabarna í Kársnesskóla og ógna öryggi þeirra á ótal marga vegu.
   M.a: Reiðhjól er ekki skráningarskylt – ekkert eftirlit er með kunnáttu hjólreiðamanna, ekkert opinbert eftirlit með ástandi reiðhjóla – Ekki skylda að tryggja reiðhjól - Valdi reiðhjól slysi á barni, er alls óvíst um bætur – Ómögulegt – eða amk. mjög torvelt gæti reynst að bera kennsl á ómerktan hjólreiðamann.
   Veik lagaákvæði, nánast án sektarheimilda hindra að ölvaðir eða dópaðir hjólreiðamenn séu sóttir til saka nema í undantekingartilvikum (sjá Lög 77/2019 m.a 28gr og refsiákvæði)

7. **<u>Ég mótmæli því að Fossvogur verði brúaður með þeim hætti sem boðað er:</u>**
   Það skín í gegn að brúin er augljós liður í baráttu borgarstjórans í Rvk gegn Reykjavíkurflugvelli á sama hátt og lögð er áhersla á að upphaf Borgarlínu verði milli 101 Rvk og Hamraborgar – þótt engin rök styðji þörfina fyrir það eða sýni fram á að eftirspurn sé eftir þeirri tengingu.

8. **<u>Kársnesbraut og Kópavogsbraut hafa frá upphafi verið leiðir almenningsvagnanna. um vesturbæ Kópavogs - Þær götur liggja mun betur við byggðinni og landslaginu.</u>**
   Auðvelt og hagkvæmast væri að tengja Kársnesbraut um “Hlíðarfót“ þ.e. að fara vestan við Nesti í Fossvogi og neðan Fossvogskirkjugarðs að HR.

Kópavogi 29.apríl 2021

Þorkell Guðnason kt 151147 3809
Borgarholtsbraut 71

s. 892 4040 / 555 0555

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026


Finna / Search
Tillaga að leið almenningsamgangna
um Kársnes - í stað brúar
?
?
yndir frá: 2020

Helgi Gunnar Guðlaugsson <helgigunnar@hotmail.com>

Til : Skipulag;borgarlinan@borgarlinan.is <borgarlinan@borgarlinan.is>
Frá : Helgi Gunnar Guðlaugsson <helgigunnar@hotmail.com>
Heiti : Athugasemdir við Borarlínu á Borgarholtsbraut
Málsnúmer : 2003236
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv
Skráð dags : 28.4.2021 23:22:32
Höfundur : Helgi Gunnar Guðlaugsson <helgigunnar@hotmail.com>

Viðhengi
Athugasemdir við Borgarlínu á Borgarholtsbraut.docx

Góðan dag

Hér í viðhengi koma mínar athugasemdir við hugsanlega legu Borgarlínu um Borgarholtsbraut og þær hugmyndir sem fram komu á kynningarfundi þann 15.febrúar.

Kv,
Helgi G. Guðlaugsson
Borgarholtsbraut 69
Kópavogi

Sent from Outlook

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Athugasemdir við Borgarlínu á Borgarholtsbraut

Hér koma nokkrar athugasemdir sem ég vil koma á framfæri vegna hugmynda um legu Borgarlínu um Borarholtsbraut í Kópavogi.

Í upphafi er rétt að geta þess að ég er íbúi við Borgarholtsbraut og hef búið þar í 17 ár. Frábær staðsetning þar sem okkur líður einstaklega vel sem fjölskyldu. Hins vegar hef ég áhyggjur af þeirri breytingu sem boðuð er með legu Borgarlínu um Borgarholtsbraut og set ég þær fram bæði sem íbúi við Borgarholtsbraut og jafnframt eftir að hafa starfað sem atvinnubílstjóri í rúm 20 ár. Í starfi mínu sem atvinnubílstjór þá ók ég fjölmörgum gerðum og stærðum að bifreiðum og hef því mikla reynslu af akstri bifreiða af öllum stærðum og gerðum. Allt frá fólksbílum og upp í rúmlega 20 tonna flutningabíla. Alla tíð hef ég haft áhuga á umferðar öryggi og tileinkað mér öruggan akstur sem er líka hvati hjá mér fyrir þessum skrifum.

Ég ætla að ræða þetta mál í nokkrum liðum sem eru ekki endilega í sömu röð og þær áherslur sem ég hef á þessu máli sem heild, heldur verður að taka hvern hlut fyrir sig í einu.

Bakkabraut – Borarhotsbraut
Hér er mjög erfiður kafli fyrir stóra bifreiðar að fara um. Mikill land halli gerir akstur strætisvagna mjög erfiðan á þessu svæði. Frá Bakkabraut og upp að horni Kársnesbrautar, Kópavogsbrautar og Borarholtsbrautar er svæði sem þarfnast mikillar breytngar til að koma svona stórum vögnum um svæðið. Landhalli er mikill fyrir svona stóra vagna og ekki verður séð annað en þetta verði mjög erfitt, sérstaklega að vetri til í hálku og snjó. Brekkan frá enda Borgarhotsbrautar og upp að gatnamótum Borarhotsbrautar, Holtagerðis og Hlégerðis er jafnframt mjög brött fyrir svona vagna. Gríðarlega landmótun þarf að fara í til að gera þennan akstur mögulegan og hefði það gríðarleg áhrif á daglegt líf og umgengni íbúa um svæðið. Þarna tel ég að setja þurfi snjóbræðslu kerfi líka í brekkuna (með gríðarlegum stofn- og rekstrarkostnaði) til að koma þessum stóru og þungu vögnum upp allan ársins hring. Ekki má gleyma því að þessir vagnar þurfa jú líka að geta stoppað og að stöðva svona vagn (20+ ton) í hálku og niður brekku með þessum halla er ekki auðvelt verk. Það þekki ég af eigin reynslu. Þarna er ætlunin að láta gríðar stóra og þunga vagna aka um þrönga götu. Ef t.d. barn kemur hlaupandi yfir Borgarholtsbraut við hornið á Kársnesbraut og Kópavogsbraut þá er þetta blind horn og sjónarhorn þröngt. Ég vil ekki bæta 20+ tonna, 18metra löngum strætisvagni á leið niður bratta brekku Borgarholtsbrautar í hálku við þessa sviðsmynd.

Að auki mun flatur kafli þar sem Borgarlína fer yfir gatnamót Kársnesbrautar og Kópavogsbrautar skapa “San Fransisco style” tröppugang í akstursstefnu sem verðu þessum vögnum mjög erfiður og veldur miklu sliti og viðhaldskostnaði á þeim ásamt hljóð ónæði fyrir íbúa í næsta nágrenni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Borgarlína og Kársnesskóli
Þar sem Kársnesskóli er staðsettur á tveimur stöðum, þá er mikill samgangur á milli þeirra tveggja staða. Íþróttahús fyrir alla árganga er í Holtagerði/Skólagerði þar sem yngri hópurinn verður fljótlega komin í nýtt og glæsilegt húsnæði. Eldir hópurinn er í skólabyggingu við Vallagerði. Gönguleið á milli þessara tveggja staðsetninga er því sem næst "hluti af skólalóð" og þar er áætlað að láta börnin fara yfir akstursleið Borgarlínu. Að ætla að láta þessa stóru vanga fara þessa leið er mjög varhugavert og umferðar öryggi er alls ekki ásættanlegt fyrir börn á þessari leið. Gönguljós eru við enda Skólagerðis en sjónarhorn er þröng og því viðbragðstími bílstjóra stuttur ef börn bjóða upp á óvænta hegðun. Sama má segja um gatnamót Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar þar sem mikil umferð barna og annarar gangandi vegfarenda er.

Umferðaröryggi á Borgarholtsbraut
Borgarholtsbraut er þröng gata, enda hluti af þétt vöxnu rólegu hverfi. Þar er 30km hámarkshraði og flestir sem þar eiga leið um fara varlega óháð fararmáta. Garðar eru grónir þar sem tré og runnar skapa skjólgott og þægilegt umhverfi.
En þarna eru hættur samhliða þessum fyrirhuguðu breytingum. Grónir garðar með trjámm og runnum eru jú líka þess valdandi að þeir byrgja sýn þeirra sem um götuna aka. Það er stutt frá lóðamörkum og út að akbraut sem gerir viðbragðstíma ökumanna stuttan. Börn að leik geta skotist fyrirvaralaust út undan lóðamörkum og þá er stutt í akstursleið. Við þessu var brugðist fyrir mörgum árum með því að lækka umferðar hraða niður í 30km. En þegar við erum með 18m langa vanga sem vega 20+ tonn, hvað þá? Af reynslu minni þá get ég sagt að hér er stór hætta á ferð.
Förum fyrst yfir hugtakið stöðvunarvegalengd, sem er gríðarlega mikilvægt að skilja til fulls. Stöðvunarvegalengd samanstendur af tveimur hlutum sem eru viðbragðstími og hemlunarvegalengd. Viðbragðstími ökumanna er sá tími sem líður frá því að ökumaður skynjar hættu og þar til að hann bregst við henni. Hemlunarvegalengd er sú vegalengd sem farartæki fer frá því að ökumaður bregst við hættu og þar til bifreið er stopp. Báðir þessir liðir eru einstaklega hættulegir fyrir stóra vagna á Borgarholtsbraut.
Viðbragðstími er stuttur þar sem grónir garðar og þröng gata nálægt lóðamörkum gera viðbragðstíma mjög stuttan. Með þröngri götu á ég við lengd frá grónum lóðamörku að akbraut.
Hemlunarvegalengd stjórnast af ýmsum þáttum og þar er þyngd bifreiðar áhrifamikill þáttur. Að stöðva hefðbundinn fólksbíl að þyngd 1-2 tonn er allt annað en að stöðva 20+ tonna strætisvagn. Af minni reynslu get ég sagt að hemlunarvegalengd 20+ tonna strætisvagns á 30km hraða er lengri en hemlunarvegalengd fólksbíls á 50km hraða!
Fyrir mörgum árum síðan var tekið það gæfuspor að lækka umferðar hraða á Borgarholtsbraut niður í 30km fyrir alla umferð sem samanstendur nær engöngu af hefðbundnum fólksbílum í dag og því væri þetta klárlega mikil afturför í umferðaröryggi á Borgarholtsbraut að beina þessum stóru og þungu vögnum inn á hana. Það væri sambærilegt við að hækka umferðar hraða fólksbíla í 50km sem vonandi ekki nokkrum manni dettur í hug vegna umferðaröryggis barna og annara vegfarenda.

Hér koma upp í huga mér orð Sigurðar Gíslasonar ökukennara míns í meiraprófinu 1996 þegar hann sagði með áherslu að sem atvinnuökumenn bæri okkur skylda að velja okkur öruggar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

akstursleiðir ef þess væri kostur og sleppa óþarfa akstri í gegnum gróin íbúahverfi á stórum bifreiðum. En Sigurður var metnaðarfullur kennari sem lagði mikla áherslu á umferðaröryggi í námi mínu. Þessi orð Sigurðar eiga vel við í þessu máli. Í almennu ökunámi og þegar ég tók mótorhjólapróf þá var líka lögð sérstök áhersla á að fara varlega í grónum íbúðahverfum. Ég geri ekki ráð fyrir því að þessar áherslur séu úreltar og þær gildi líka hér á Kársnesinu.

Dekkun stoppustöðva
Á kynningarfundi sem haldin var sáum við kort þar sem sett var fram myndrænt hvernig um 90% íbúa á Kársnesi séu innan 400m radius frá stoppustöðvum Borgarlínu með þessu skipulagi. En þarna gleymdist (hugsanlega viljandi) að setja fram sambærilegt kort af núverandi stoppustöðvum hverfis vagna okkar. Ég kann ekki að teikna þetta inn á kort en það er augljós að núverandi stoppustöðvar ná miklu betri nýtingu fyrir íbúa Kársnes og líklega eru nálægt 100% íbúða innan 400m radius frá núverandi stoppustöðvum. Þar að auki er Kársnesið ekki flatt og samvæmt Borgarlínu skipulagi þá eru stoppustöðvar staðsettar efst á Kársnesinu, sem gerir göngu flestra upp í mót að stoppustöð en núverandi stoppustöðvar eru nær “hæðar-miðju” Kársnes og því auðveldara fyrir flesta að nálgast þær fótgangandi.

Núverandi staðsetning stoppustöðva strætó eru ekki fyrirstaða fyrir notkun á vögnunum í núverandi leiðarkerfi.

Stoppustöð við Stelluróló
Hér er mitt heimili og ætla ég því að fá að ræða þennan hluta út frá mínu húsi. Okkar hús á ekki nein bílastæði á lóð. Með þessari hugmynd sem varpað hefur verið fram þá er gert ráð fyrir því að taka ÖLL bílastæði af Borarholtsbraut. Sem gerir það að verkum að eðlilega leitar þetta folk í önnur stæði og þau eru fyrir framan mitt hús. Með þessari framkvæmd þá sé ég ekki betur en það verði gjörsamlega ómögulegt fyrir okkur íbúa Boargarholtsbrautar 69 að fá stæði við okkar hús. Það á bæði við um okkar persónulegu bíla og jafnframt verður ómögulegt fyrir folk að heimsækja okkur nema að það komi með strætó!
Þetta er klár skerðing á lífsgæðum okkar sem þarna búum. Jafnframt tel ég að verðgildi eignar okkar muni falla þar sem kaupendahópur eignar sem ekki hefur möguleika á bílastæði er mun þrengri en annara. Væri ekki eðlilegt að íbúar á svona stað væru boðaðir á sér kynningu þar sem stefnan er að skerða lífsgæði þeirra stórkostlega!
Verður íbúum sem lenda í svona lífsgæðaskerðingu boðnar bætur fyrir?
Okkar eign verður klárlega ekki jafn verðmæt við þessa breytingu, verður okkur bættur sá skaði á verðmæti eignar okkar?

Kolefnisspor og almennur ferðatími
Ef þessar breytingar ná fram að ganga sem kynntar hafa verið þá verður talsvert mikiði óhæagræði af því fyrir almenna umferð. Með breyttum aksturssstefnum, lengri akstursleiðum samhliða auknum fjölda íbúa á Kársnesi þá er ljóst að kolefnisspor almennrar umferðar á Kársnesi mun aukast. Einnig verðu lengri ferðatími til meiri fjarveru frá fjölskyldu. 3 mínútur á dag (mjög hóflega áætlað) gera 1.095 mínútur á ári sem eru 18 klst í aukna fjarveru frá heimili á ári. Það er mikill fórnarkostnaður fyrir fólk á Kársnesi. Með þessum aukna ferðatíma og lengri vegalengdum kemur líka aukin loftmengun og aukið kolefnaspor almennings á Kársnesi. Þetta er ekki í takt við tíðaranda ársins 2021.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Hjólahraðbraut um Borarholtsbraut
Hér er ég orðlaus. Að gera ráð fyrir hjóla hraðbraut meðfram Borarlínu á Borarholtsbraut er ótrúlegt. Ég fer mikið um á reiðhjóli, 2.364km skv Garmin síðustu 12 mánuði, og þekki því þann samgöngumáta líka mjög vel. Hér ber aftur að geta þess að Kársnesið er ekki flatt og fyrirhuguð hjólahraðbraut fyrir umferð hjólandi úr efri hverfum Kópavogs og nágrannasveitafélögum um Borgarholtsbraut gerir ráð fyrir því að hjólandi umferð fari upp á Kársnesið og niður af því í hinn endann. Hjólandi umferð er eins og vatnið og leitar í auðveldustu leið sem hér væri á jafnsléttu meðfram ströndinni þar sem hún fer nú þegar.

Aðrar lausnir
Hægt er að aka þessum vögnum aðrar öruggari leiðir og ætla ég að nefna hér nokkrar.

Kársnesbraut og Vesturvör eru mun breiðari götum sem bjóða upp á mun öruggari akstursleið fyrir vagna af þessari stærð. Auk þess er sú leið ekki með jafn erfiðum brekkum. Hægt væri að láta vagna aka Skeljabrekku með minniháttar landmótun og mun minna raski á grónu hverfi.

Kópavogsbraut og svo akstur um Kópavogsháls væri líkamöguleiki. Kópavogsbraut er breiðari til aksturs á stórum vögnum þó brekka á Kópavogshálsi og uppakstur frá Bakkabraut að Kópavogsbraut verði fyrirsjáanlega vandamál.

Hlíðarfótur (fyrir neðan Fossvogskirkjugarð) hefur nægt landrými fyrir strætisvagnaleið. Þar þarf að gera eina “slaufu” yfir Kringlumýrarbraut til að koma umferð frá Kópavogi inn á Hlíðarfót við núverandi göngubrú. Með þessari leið mætti spara talsverða upphæð í brúarsmíð með því að hafa Fossvogsbrú eingöngu fyrir gangandi og hjólandi umferð eins og upphaflegar áætlarnir gerðu ráð fyrir. Með þessari leið er hægt að hlífa Kársnesinu við þessari gríðalega miklu umferð stórra strætisvagna um viðkæmt og rótgróðið rólegt hverfi.

Lokaorð
Að mínu mati er hér á ferð afskaplega ílla hönnuð tillaga sem uppfyllir ekki nútímakröfur til

- Umferðaöryggis barna og almennings
- Bættra samgangna
- Betra aðgengi allra íbúa að stoppustöðvum strætó
- Minni mengunar
- Minna kolefnaspors almennrar umferðar
- Minni ferðatíma

Að auki mun þessi framkvæmd gera óafturkræfar breytingar á þessu rólega hverfi sem Kársnesið er og kljúfa hverfið í tvent.
Mér er það til efs að þeir sem skipuleggi þetta hafi þekkingu eða reynslu af akstri stórra bifreiða og tel ólíklegt að þetta fólk hafi komið á Borgarholtsbraut. Fyrir þeim er þetta augljóslega flatt strik á blaði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Þjónustuver Kópavogsbæjar

Til : Skjalavarsla skjaladeild
Frá : Þjónustuver Kópavogsbæjar
Heiti : FW: Borgarlínan, Ártúnshöfði-Hamraborg. Ákvörðun um matsáætlun
Málsnúmer : 2003236
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv
Skráð dags : 17.3.2021 07:53:51
Höfundur : Þjónustuver Kópavogsbæjar

Viðhengi
Matsaætlun Borgarlinu_ákvörðun.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kveðja,
Sigurbjörg H. Hauksdóttir
Þjónustustjóri þjónustuvers
441 0000 | sigurbjorg@kopavogur.is | thjonustuver@kopavogur.is



Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer: http://www.kopavogur.is/disclaimer

From: Egill Þórarinsson - SLS
Sent: þriðjudagur, 16. mars 2021 16:57
To: fiskistofa ; 'hafogvatn@hafogvatn.is' ; heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is; 'postur@minjastofnun.is' ; Móttaka - NI ; 'USK Skipulag' ; 'samgongustofa@samgongustofa.is' ; 'ust@ust.is' ; Vegagerðin - VG ; veitur@veitur.is; Þjónustuver Kópavogsbæjar
Subject: Borgarlínan, Ártúnshöfði-Hamraborg. Ákvörðun um matsáætlun

Góðan dag

Í viðhenginu er að finna ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindar framkvæmdar. Ákvörðunin hefur verið póstlögð til framkvæmdaraðila en aðrir fá eingöngu rafrænt eintak nema sérstaklega sé óskað eftir ljósriti.

Með kveðju,

Egill Þórarinsson
Sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland ? Iceland
sími 595 4100
Egill.Thorarinsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

202007039

Skipulagsstofnun

Borgarlínan, Ártúnshöfði–Hamraborg, Reykjavík og Kópavogi

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 30. júlí 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Verkefnastofu Borgarlínu að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar 1. lotu Borgarlínunnar, frá Ártúnshöfða í Reykjavík að Hamraborg í Kópavogi, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.20 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Veitna.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Borgarlínan, Ártúnshöfði–Hamraborg. Tillaga að matsáætlun. Verkefnastofa Borgarlínu, júlí 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Fiskistofu dags. 18. september 2020.
- Hafrannsóknastofnun dags. 3. september 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis dags. 2. desember 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 24. ágúst 2020.
- Minjastofnun Íslands dags. 24. ágúst 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 26. ágúst 2020.
- Reykjavíkurborg dags. 25. ágúst 2020.
- Samgöngustofu dags. 17. ágúst 2020.
- Umhverfisstofnun dags. 21. ágúst 2020.
- Vegagerðinni dags. 7. desember 2020.
- Veitum dags. 3. september 2020.

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Barnavinafélaginu Sumargjöf dags. 21. ágúst 2020.
- Háskóla Íslands dags. 24. ágúst 2020.
- Matthíasi Kjartanssyni dags. 12. ágúst 2020.
- Samtökum um betri byggð dags. 25. ágúst 2020

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 29. október og 22. desember 2020.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Verkefnastofu Borgarlínu eru kynnt áform um Borgarlínuna, hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem felst í vögnum sem ferðast með mikilli tíðni, að mestu um sérakreinar (sérrými) og með forgang á umferðarljósum.

Sú framkvæmd sem nú er til umfjöllunar er 1. lota við lagningu Borgarlínunnar, frá Ártúnshöfða í Reykjavík að Hamraborg í Kópavogi. Lengd 1. lotu Borgarlínunnar verður um 13 km, þar af um 11 km í sérrými. Gert er ráð fyrir 24 biðstöðvum sem skiptast í kjarnastöðvar og almennar stöðvar og nýtast jafnframt fyrir strætó.

Framkvæmdir við 1. lotu Borgarlínunnar felast fyrst og fremst í breytingu á göturýmum þar sem Borgarlínan fer um; gerð biðstöðva með 400-900 m bili; forgangi Borgarlínunnar á gatnamótum og þverun Elliðaárvogs. Auk þess hefur Borgarlínan í för með sér ýmis verkefni við borgarhönnun og uppbyggingu á nærsvæðum hennar, auk þess sem hún kallar á lagningu stokks á Miklubraut og Sæbraut og lagningu brúar yfir Fossvog.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Verkefnastofu Borgarlínu eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Landnýting, borgarhönnun og uppbygging

Í kafla 8.8 í tillögu Verkefnastofu Borgarlínu er fjallað um hvernig fyrirhugað er að meta áhrif á landnýtingu og þróun borgar.

Auk þess sem þar er tilgreint þarf í frummatsskýrslu að fjalla um og meta áhrif á framkvæmdatíma á íbúa og starfsemi á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, svo sem áhrif á aðgengi og truflun á starfsemi og eftir atvikum gera grein fyrir mótvægisaðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Ásýnd bæjarrýma

Í kafla 8.4 í tillögu Verkefnastofu Borgarlínu kemur fram hvernig fyrirhugað er að meta áhrif á ásýnd svæða með líkanmyndum, fyrir og eftir framkvæmdir, af götumyndum á völdum stöðum sem Borgarlínan mun fara um.

Skipulagsstofnun undirstrikar að sá áfangi Borgarlínunnar sem nú er áformaður mun fara um ólík bæjarrými, bæði í gróinni byggð, á opnum svæðum og á þróunarsvæðum. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að greind verði helstu einkenni þeirra gatna sem Borgarlínan mun fara um. Mikilvægt er að leggja þá greiningu til grundvallar þegar staðsetning líkanmynda er ákveðin, svo mat á áhrifum á ásýnd bæjarrýma taki til ólíkra aðstæðna, göturýma og annarra bæjarrýma sem Borgarlínan mun hafa áhrif á og þar sem vænta má mestra áhrifa á ásýnd.

Hljóðvist og loftgæði

Í köflum 8.2 og 8.3 í tillögu Verkefnastofu Borgarlínu er greint frá því hvernig fyrirhugað er að fjalla um áhrif Borgarlínu á hljóðvist og loftgæði.

Í kafla 8.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að mat á áhrifum á hljóðvist muni taka til breytinga á umferð á þeim svæðum sem Borgarlínan mun fara um og á nærliggjandi götum. Skipulagsstofnun lítur svo á að þar falli undir þær götur sem ætla má að bílaumferð geti leitað inn á við tilkomu Borgarlínunnar, sbr. það mat sem áformað er á áhrifum á samgöngur og lýst er í kafla 8.6 í tillögu að matsáætlun. Jafnframt bendir stofnunin á að mat á áhrifum á loftgæði þarf að taka til sama svæðis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Menningarminjar

Í kafla 8.9 í tillögu að matsáætlun kemur fram hvernig áformað er að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telur fyrirliggjandi gögn um fornleifar, hús og mannvirki á umræddum kafla Borgarlínunnar ekki fullnægjandi. Minjastofnun telur að skrá þurfi fornleifar, hús og mannvirki sérstaklega innan framkvæmdasvæðis Borgarlínunnar.

Í svörum Verkefnastofu Borgarlínu kemur fram að framkvæmdir vegna Borgarlínu felist fyrst og fremst í breytingum á nýtingu núverandi göturýma. Miðað við fyrirliggjandi hönnun muni borgarlínubrautir verða innan núverandi göturýmis. Af þeim sökum sé ekki talin ástæða til að fara í umfangsmikla skráningu á húsum og öðrum mannvirkjum við þær götur sem Borgarlínan mun fara um. Í ljósi þessa leggur Verkefnastofa Borgarlínu til að fornleifar verði skráðar á þeim svæðum þar sem jarðrask er fyrirhugað. Þær staðsetningar muni liggja fyrir í frumdrögum á útfærslu á legu og umfangi borgarlínubrauta. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir stöðum þar sem líklegt er að verði rask, sem og skráningu fornleifa á þeim. Verkefnastofa Borgarlínu muni leita samráðs við Minjastofnun um fyrirkomulag fornleifaskráningar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á fornleifar, eins og þeim er lýst í tillögu að matsáætlun og svörum Verkefnastofu Borgarlínu við umsögn Minjastofnunar Íslands.

Elliðaárvogur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um ólíka valkosti um legu og útfærslu þverunar yfir Elliðaárvog en möguleg útfærsla liggi ekki fyrir að svo stöddu. Í kafla 8.7 í tillögunni er greint frá hvernig áformað er að meta áhrif á lífríki og vatnafar. Þar segir að gagnaöflun verði skilgreind þegar frekari upplýsingar liggi fyrir um áhrif á lífríki og vatnafar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur þurfa að gera betur grein fyrir því hvaða gögn liggja fyrir um lífríki Elliðaárvogs og fara í rannsóknir á þeim þáttum sem skorti vitneskju um og framkvæmdin sé líkleg til að hafa áhrif á.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á Elliðaárvogur sé þegar undir miklu álagi vegna fjölda framkvæmda og meta þurfi sérstaklega möguleg áhrif á lífríki hans auk mengunarhættu á framkvæmdatíma. Eins telur Heilbrigðiseftirlitið að gera þurfi grein fyrir mögulegum valkostum um legu línunnar á þessu svæði og bera umhverfisáhrif þeirra saman.

Í svörum Verkefnastofu Borgarlínu kemur fram að skoðað verði að skipta umhverfismati 1. lotu Borgarlínunnar í tvo hluta, einn sem fjalli um þverun Elliðaárvogs og annan sem fjalli um aðra hluta Borgarlínunnar. Tilgangurinn með því væri að geta haldið áfram með umhverfismat annarra hluta framkvæmdarinnar, sem ekki krefjast frekari eða jafn ítarlegra rannsókna, á meðan aflað verði nauðsynlegra upplýsinga um þverun Elliðaárvogs. Ákvörðun um þetta verði tekin þegar útfærsla á 1. lotu Borgarlínunnar verði lengra á veg komin og eftir því sem rannsóknum vindur fram. Ef umhverfismatinu verði skipt í tvo hluta verði gerð grein fyrir stöðu mála varðandi útfærslu á þveruninni og stöðu rannsókna í fyrri frummatsskýrslunni, auk þess að fjalla um helstu möguleg og líkleg umhverfisáhrif þverunarinnar.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt, í ljósi verndargildis og viðkvæmni Elliðaárvogs, að samanburður á mögulegum leiðum við þverun vogsins byggi á sem bestum upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif. Þar sem mögulegar útfærslur á legu Borgarlínu á umræddu svæði liggja ekki fyrir er ekki hægt að taka afstöðu til nauðsynlegrar gagnaöflunar á þessu stigi. Með tilliti til framangreinds og eðlis framkvæmdarinnar kemur, að mati Skipulagsstofnunar, til álita að áfangaskipta umhverfismati framkvæmdarinnar, líkt og Verkefnastofa Borgarlínu hefur viðrað hugmyndir um.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Skipulagsstofnun telur að þá eigi við að skipta framkvæmdinni í tvo umhverfismatsáfanga, annarsvegar fyrir kaflann Hamraborg–Elliðaárvogur og hinsvegar fyrir kaflann Elliðaárvogur–Ártúnshöfði, sbr. skiptingu í leggi sem fjallað er um í kafla 5.2 í tillögu að matsáætlun.

Kynna þarf Skipulagsstofnun valkosti um þverun Elliðaárvogs þegar þeir liggja fyrir ásamt lýsingu á þeim gögnum sem leggja á til grundvallar og aðferðum sem fyrirhugað er að beita við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á Elliðaárvog, áður en frummatsskýrslu um þann hluta framkvæmdarinnar er skilað til stofnunarinnar.

Tjörnin

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að í botnlögum Tjarnarinnar sé staðfest mengun af völdum þungmálma. Því þurfi að gera grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdanna á lífríki Tjarnarinnar.

Í svörum Verkefnastofu Borgarlínu kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um valkosti við Tjörnina og samanburð á áhrifum þeirra. Þar verði gerð grein fyrir hvort framkvæmdir komi til með að hafa áhrif á fugla eða lífríki í Tjörninni. Stefnt sé að því að framkvæmdir raski ekki Tjörninni.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við mat á áhrifum á Tjörnina eins og henni er lýst í tillögu að matsáætlun og svörum Verkefnastofu Borgarlínu við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Loftslagsáhrif og viðnámsþróttur

Í umsögn Reykjavíkurborgar er bent á að áformað mat á áhrifum á loftslag lúti eingöngu að áhrifum á losun gróðurhúsalofttegunda. Skoða mætti hvort ástæða sé til að meta áhrif á aðlögun hins byggða umhverfis að afleiðingum loftslagsbreytinga. Í því sambandi er bent á að hluti 1. lotu Borgarlínu fari um svæði sem geti orðið fyrir áhrifum af hækkandi sjávarstöðu sem og flóða í ám og vötnum. Þá er bent á að leggja mætti mat á hversu mikið áætluð framkvæmd skerðir gróðurþekju, sér í lagi trjágróður og hvernig hönnunarútfærslur geti mögulega bætt það upp með gróðursetningu í göturýminu.

Skipulagsstofnun tekur undir framangreindar ábendingar Reykjavíkurborgar. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta áhrif á aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga með tilliti til hækkunar sjávarborðs og flóðahættu. Einnig er ástæða til að fjalla um áhrif skerðingar á gróðurþekju og möguleika á gróðursetningu með tilliti til bindingar og aðlögunar.

Áfangaskipting framkvæmda

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áfangaskiptingu framkvæmda í 1. lotu Borgarlínunnar og hversu lengi áætlað er að framkvæmdir við hvern áfanga standa yfir.

Tengdar framkvæmdir og samlegðaráhrif

Í kafla 5.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um tengdar framkvæmdir. Þar er getið um Fossvogsbrú sem lokið hefur málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Einnig er getið um áformaða stokka á Miklubraut og Sæbraut. Fram kemur að fyrirhugað sé að gera grein fyrir áðurnefndum framkvæmdum í frummatsskýrslu en þær verði þó ekki hluti af umhverfismati 1. lotu Borgarlínu.

Umræddar framkvæmdir, þ.e. brú yfir Fossvog og stokkar á Miklubraut og Sæbraut eru forsenda fyrir lagningu þeirra leggja Borgarlínunnar sem nú eru til umfjöllunar. Æskilegt er því að umhverfismat þeirra framkvæmda hefði annað hvort legið fyrir áður, eða verið hluti umhverfismats viðkomandi áfanga Borgarlínunnar. Skipulagsstofnun fellst þó á þá leið sem lögð er til í tillögu að matsáætlun en leggur áherslu á að í frummatsskýrslu um 1. lotu Borgarlínunnar verði gerð eins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

ítarleg grein fyrir þessum framkvæmdum og kostur er og lagt mat á samlegðaráhrif þeirra með Borgarlínunni. Í frummatsskýrslu verði einnig, eftir því sem við á, lagt mat á samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum. Það getur til dæmis varðað samlegðaráhrif á framkvæmdatíma með ýmissi annarri uppbyggingu við þær götur sem Borgarlínan fer um á umferð gangandi og hjólandi og aðgengi að verslun og þjónustu.

Valkostir

Í tillögu Verkefnastofu Borgarlínu að matsáætlun kemur fram að við umhverfismatið verði bornir saman valkostir sem snúa að legu Borgarlínu á fjórum svæðum:

- Valkostir á milli Ártúnshöfða og Sæbrautar um legu og útfærslu á þverun Elliðaárvogs og Sæbrautar.
- Valkostir um að Borgarlína fari um Vonarstræti og Tjarnargötu eða Skothúsveg og Fríkirkjuveg.
- Valkostir við Háskóla Íslands, annarsvegar um Hringbraut og hinsvegar um Suðurgötu, Sturlugötu og Njarðargötu.
- Valkostir milli Landspítala og Hlíðarenda.

Þá kemur fram að jafnframt sé fyrirhugað að bera saman valkosti varðandi staðsetningu kjarnastöðva auk núll-kostar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að kanna ætti möguleika á öðrum leiðarkostum ef niðurstöður athugana á loftgæðum og hljóðvist bendi til þess að framlagðir valkostir leiði til aukins álags á viðkvæmum svæðum.

Í svörum Verkefnastofu Borgarlínu segir að breytt lega verði tekin til samanburðar ef umhverfismatið leiði í ljós umfangsmikil áhrif á loftgæði og hljóðvist.

Í athugasemd Barnavinafélagsins Sumargjafar er ítrekuð fyrri ósk um að lóð leikskólans Steinahlíðar við Suðurlandsbraut verði fyrir sem minnstri eða engri skerðingu vegna lagningar Borgarlínu og jafnframt að tekið verði tillit til lóðarinnar við útfærslu kjarnastöðvar við Vogabyggð.

Í svari Verkefnastofu Borgarlínu kemur fram að bornir verði saman valkostir varðandi legu Borgarlínu á milli Suðurlandsbrautar og Ártúnshöfða og muni sá samanburður meðal annars taka til áhrifa á lóð Steinahlíðar. Í þeim valkostasamanburði verði jafnframt horft til mögulegrar staðsetningar og útfærslu á kjarnastöð við Vogabyggð.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er bent á að skoða valkosti varðandi legu og staðsetningu venjulegra biðstöðva, þ.e. þeirra sem flokkast ekki sem kjarnastöðvar, á viðkvæmum svæðum.

Í svari Verkefnastofu Borgarlínu segir að almennt verði ekki fjallað um valkosti við staðsetningu almennra stöðva en það komi þó til skoðunar að meta umhverfisáhrif annarra staðsetninga, og áhrif þeirra á farþegagrunn og aðgengi, komi í ljós að að tilteknar stöðvar séu líklegar til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við mat á ólíkum valkostum eins og henni er lýst í tillögu að matsáætlun og svörum Verkefnastofu Borgarlínu við umsögnum. Stofnunin bendir einnig á að ástæða getur verið til að bera saman valkosti varðandi útfærslu sniða þar sem göturými er takmarkað og víkja þarf frá kjörsniði.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á. Einnig getur í þessu tilviki átt við að setja fram áætlun um vöktun á framkvæmdatíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Verkefnastofu Borgarlínu að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Auk þess sem tilgreint er í kafla 8.8 í tillögu að matsáætlun verði í frummatsskýrslu fjallað um og lagt mat á áhrif á framkvæmdatíma á íbúa og starfsemi á áhrifasvæði Borgarlínunnar, svo sem áhrif á aðgengi og truflun á starfsemi og eftir atvikum gerð grein fyrir mótvægisaðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum.
2. Í frummatsskýrslu taki mat á áhrifum á ásýnd bæjarrýma til ólíkra aðstæðna, göturýma og annarra bæjarrýma sem Borgarlínan mun hafa áhrif á og þar sem vænta má mestra áhrifa á ásýnd. Þar verði lögð til grundvallar greining á helstu einkennum þeirra gatna sem Borgarlínan fer um, sbr. kafla 8.4 í tillögu að matsáætlun.
3. Í frummatsskýrslu taki mat á áhrifum á hljóðvist og loftgæði til breytinga á umferð á þeim svæðum sem Borgarlínan mun fara um og á nærliggjandi götum sem vænta má að bílaumferð geti leitað inn á við tilkomu Borgarlínunnar, sbr. áformað mat á áhrifum á samgöngur í kafla 8.6 í tillögu að matsáætlun.
4. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir stöðum þar sem jarðrask er líklegt og skráningu fornleifa á þeim. Verkefnastofa Borgarlínu hafi samráð við Minjastofnun Íslands um fyrirkomulag fornleifaskráningar.
5. Verkefnastofa Borgarlínu kynni Skipulagsstofnun valkosti um þverun Elliðaárvogs þegar þeir liggja fyrir ásamt lýsingu á þeim gögnum sem leggja á til grundvallar og aðferðum sem fyrirhugað er að beita við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á Elliðaárvog, áður en frummatsskýrslu um þann hluta framkvæmdarinnar er skilað til stofnunarinnar.
6. Í frummatsskýrslu verði sérstaklega lagt mat á áhrif á fugla og lífríki í Tjörninni.
7. Í frummatsskýrslu verði fjallað um og lagt mat á áhrif á aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga með tilliti til hækkunar sjávarborðs og flóðahættu.
8. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áfangaskiptingu framkvæmda í 1. lotu Borgarlínunnar og hversu lengi áætlað er að framkvæmdir við hvern áfanga standa yfir.
9. Í frummatsskýrslu verði gerð eins ítarleg grein fyrir tengdum framkvæmdum við vegstokka og brýr og kostur er og lagt mat á samlegðaráhrif þeirra með Borgarlínunni.
10. Í frummatsskýrslu verði, eftir því sem við á, lagt mat á samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum. Það getur til dæmis varðað samlegðaráhrif á framkvæmdatíma með ýmissi annarri uppbyggingu við þær götur sem Borgarlínan fer um, á umferð gangandi og hjólandi og aðgengi að verslun og þjónustu.
11. Auk þess sem kemur fram í 6. kafla í tillögu að matsáætlun verði í frummatsskýrslu lagt mat á valkosti um legu og útfærslu Borgarlínu, leiði umhverfismatið í ljós umfangsmikil áhrif á loftgæði og hljóðvist. Einnig á valkosti um legu við austanverða Suðurlandsbraut og um staðsetningu og útfærslu kjarnastöðvar við Vogabyggð og eftir því sem við getur átt valkosti um staðsetningu almennra stöðva. Þá getur verið tilefni til að bera saman valkosti varðandi útfærslu sniða þar sem göturými er takmarkað og víkja þarf frá kjörsniði.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 15. apríl 2021.

Reykjavík, 12. mars 2021

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir Egill Þórarinsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Stephen Fairbairn <margretandsteve@internet.is>

Til : Skipulag
Frá : Stephen Fairbairn <margretandsteve@internet.is>
Heiti : Athugasemdir og tillögur v/ Borgarlínu
Málsnúmer : 2003236
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv
Skráð dags : 22.2.2021 12:22:01
Höfundur : Stephen Fairbairn <margretandsteve@internet.is>

Viðhengi

Borgarlína.pdf

Góðan daginn.

Hér viðhengdar eru athugasemdir við legu Borgarlínu um Borgarholtsbraut.
Einnig tillögur um aðra möguleika.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa skjals.

M.kv.
Stephen Fairbairn
Borgarholtsbraut 57

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Borgarlína um Kópavog

Forsagan

Á níunda áratugnum (1984) var gert átak um öryggi á Borgarholtsbraut. Eftir slys á barni sendu íbúar götunnar, ásamt starfsfólki beggja skólanna á Kársnesi, erindi og undirskriftalista til stjórnar bæjarins um bætta umferð um Borgarholtsbraut. Eitt slys var meira en nóg og enginn okkar vildi bíða eftir öðru. Undirskriftalistinn náði til margra sem ekki áttu heima eingöngu við Borgarholtsbraut, heldur einnig við nærliggjandi götur. Niðurstaðan var sú að gerðar voru hraðahindranir á nokkrum stöðum og gangbrautarljós voru sett upp við gatnamót Skólagerðis og Borgarholtsbrautar. Seinna var leyfilegur hámarkshraði lækkaður í 30 km/klst. og umferðarljós sett upp á mótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar. Nýjasta innleggið (2020) var tilkoma ljósastýrðrar X-gangbrautar á þessum fjölförnum gatnamótum. Reynslan af þessum breytingum hefur verið farsæl og óhappatíðni hverfandi.

Framhaldið

Á seinni árum fóru að birtast skipulagstillögur um brú yfir Fossvoginn frá flugvallarendanum og yfir að Kársnesi. Brúin átti upphaflega að vera göngu- og hjólabrú en blekið á þeim uppdrætti var vart þornað þegar hún var allt í einu orðin að brú fyrir almenningsfarartæki. Engin vísbending fylgdi um hvernig eða hvort þessi farartæki ættu að tengjast núverandi strætisvagnakerfi.

Síðan fóru að birtast teikningar af Borgarlínubraut sem færi yfir þessa brú. Strik á kortinu gaf til kynna að Borgarlína ætti að tengjast Hamraborg. Strikið var þráðbeint og mátti því ætla að teikningin væri einungis skematísk. Engum datt í hug að meiningin væri í alvöru að keyra Borgarlínu um Borgarholtsbraut án samráðs við fólkið sem býr á Kársnesi.
Engin könnun hefur enn farið fram meðal íbúa eða sannfærandi rök verið færð fyrir gagnsemi Borgarlínu á Kársnesi eða **hvort íbúar vilji yfirhöfuð fá Borgarlínu** í gegnum sitt rólega hverfi.

Nú í byrjun febrúar fengu íbúar við Borgarholtsbraut (en þó ekki nærliggjandi götur) blað inn um lúguna þar sem allt í einu var búið að teikna Borgarholtsbraut sem Borgarlínubraut með einstefnu á köflum og bann við öllum vinstri beygjum. „Frumdrög“ voru þetta kölluð en sjá mátti að hönnunarteymi Borgarlínu hefði farið offari. Verið væri að nota Borgarlínu gegnum Kársnes sem nokkurs konar **ventil** til að leysa spennu af umferðarvandamálum Reykvíkinga, án þess að koma okkur Kárnesingum að marktæku gagni.

Gleymst hafði alveg að kanna hversu margir í hverfinu hefðu gagn af Borgarlínu eða hversu margir hugðust nota hana. Verið væri að fórna Borgarholtsbraut í þágu óljósra hugmynda; skipulagi sem **virðast þar að auki vera í trássi við fyrirmæli samgöngunefndar Alþingis**.

Röskun sem þessi framkvæmd hefði í för með sér yrði mjög neikvæð og áhrif hennar næðu langt út fyrir svæðið sem íbúar Borgarholtsbrautar fengu að virða fyrir sér á áðurnefndu blaði. Margir hafa á tilfinningunni að verið sé að reyna að smeygja hugmyndinni inn þannig að sem fæstir geri sér grein fyrir afleiðingum hennar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



Götur á Kársnesi þar sem Borgarlína með einstefnu um Borgarholtsbraut og bann á vinstri beygjum hefur bein neikvæð áhrif á umferðarflæði. Áhrifin ná til: **Borgarholtsbrautar**, **Kópavogsbrautar** að hluta, **Þinghólsbrautar** að hluta, **Suðurbrautar**, **Vallargerðis**, **Melgerðis**, **Skólagerðis**, **Hlégerðis** og **Holtagerðis** að hluta. Auk þess sker Borgarlínan skólahverfið í tvennt.

Kort 1 sýnir götur á Kársnesi þar sem Borgarlína með einstefnu um Borgarholtsbraut og bann á vinstri beygjum hefði bein neikvæð áhrif á umferðarflæði.

Áhrifin ná til: **Borgarholtsbrautar**, **Kópavogsbrautar** að hluta, **Þinghólsbrautar** að hluta, **Suðurbrautar**, **Vallargerðis**, **Melgerðis**, **Skólagerðis**, **Hlégerðis** og **Holtagerðis** að hluta. Þessi áhrif hafa í för með sér töluverð óhagræði hjá mörgum Kársnesbúum við nálgun þjónustu í Hamraborg, aukinn óþarfa akstur og eldsneytiseyðslu, og mjög margir missa bílastæði sín norðanmegin götunnar. Borgarlínan leysir engin vandamál í þessu samhengi en skapar mörg; fyrir mörgum er ekki valkostur „að hoppa upp í strætó“ enda Borgarlína ekki hugsuð sem innanbæjarkerfi með mörgum stoppistöðvum. Núverandi strætókerfi leysir þau mál með ágætum, þó vel megi bæta það.

Þegar **bílastæðavandamálið** kom til tals á „fundinum“ 15. febrúar var einungis svarað að óathuguðu máli að menn ættu bara að fara með bíla sína (og væntanlega bíla gesta) inn á lóðir sínar eins og það væri ekkert mál. En margir hafa ekkert val annað en að leggja á götunni og einmitt þess vegna eru bílastæði þar.

Þar að auki sker Borgarlínan **skólahverfið í tvennt**, sem er þvert á farsæla stefnu íbúa, foreldra skólabarna og Kópavogsbæjar í umferðarmálum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Nýjar lausnir

Undirritaður hefur persónulega reynslu af hönnun leiðakerfis Strætisvagna Kópavogs. Vagnstjórar töldu Borgarholtsbraut óheppilega strætisvagnaleið vegna þess hvað vestari endi götunnar er **hættulega brattur**. Borgarholtsbraut verði ófær vögnum á ónegldum dekkjum í vetrarfærð nema hún sé „pækilsöltuð“, eins og vagnstjórar sögðu, sem skapi um leið slit á malbiki og tæringu á vögnum. Sömu rök gilda um Urðarbraut, og í þessu sambandi má nefna að þegar Strætó bs. tók við af Strætisvögnum Kópavogs var reynt að láta vagna keyra upp Urðarbraut frá Kársnesbraut. Það gafst svo illa að leiðakerfinu var fjótlega breytt aftur í fyrra horf.

Á leiðarkortinu sem íbúar Borgarholtsbrautar fengu sent sést að ætlunin sé að leggja Borgarlínu frá syðri enda Bakkabrautar og upp á Borgarholtsbraut. Reynslumeiri menn hefðu strax áttað sig á að sú leið er **allt of brött fyrir strætisvagna**. Það er eins og hönnuðir kortsins hafi ekki áttað sig á að Kársnesið er langt frá því að vera flatt. Þeir virðast horfa á flatt kort meðan Kársnesingar horfa á brekkur.

En ef Borgarlína á að verða að raunveruleika, þarf að hugsa í lausnum. Eins og sjá má hér að ofan er Borgarlína um Borgarholtsbraut ekki ein slík.



Borgarlína yfir Fossvog. Blönduð umferð í báðar áttir um Kópavogsbraut.
– – – Leiðin frá Bakkabraut upp að vestari enda Borgarholtsbrautar er of brött fyrir strætisvagna í vetrarfærð og kemur því ekki til greina.

Kort 2 sýnir lausn þar sem brú yfir Fossvog er enn inni í dæminu, þó margir vilji ekki fá hana. Borgarlína gengur um Bakkabraut og Nesvör, um vestari enda Kársnesbrautar og um Kópavogsbraut. Þetta er að hluta leið sem strætisvagnar nota núna og sem slík veldur engum vandamálum hvað varðar umferðarflæði. Með þessum móti er skólahverfið að einhverju leyti

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

hlíft við truflun af Borgarlínustarfsemi. En hafa þarf í huga að **mörg skólabörn** búa sunnan Kópavogsbrautar og þurfa að þvera götuna. Hönnuðum kerfisins ætti að vera ljóst að sér rein fyrir Borgarlínu er ekki raunhæfur kostur í þéttbýli og þess vegna er hér gert ráð fyrir blandaðri umferð alls staðar. Þessu til stuðnings skal hafa í huga að, þó svo að vagn komi, segjum, á 10 mínútna fresti, eru 9 mínútur þar á milli þar sem enginn vagn er og því alveg nægilegt pláss fyrir aðra umferð. **Eftir er að kanna hug þeirra sem búa við Kópavogsbraut** til þessarar tillögu.



Borgarlína um Hlíðarfót án viðkomu á Kársnesi. Blönduð umferð um Kringlumýrarbraut. Brú yfir Kringlumýrarbraut norðan við Nesti.

Kort 3 sýnir aðra lausn þar sem Borgarlína kemur ekki við á Kársnesi. Hér fer Borgarlína um Hlíðarfót norðan Fossvogs þar sem núverandi göngu- og hjólabraut er. Hún fer til suðurs um gamla Hafnarfjarðarveginn, tengist Kríglumýrarbraut við Fossvogsnesti og fer síðan í blandaðri umferð upp í Hamraborg. Í bakaleiðinni til norðurs fer Borgarlínan strætóleið niður á Kringlumýrarbraut, út á sér rein við Skógræktina og upp á nýja brú yfir Kringlumýrarbraut til vesturs. Brúin kæmi í staðinn fyrir núverandi göngu- og hjólabrú og tengist aftur leiðinni um Hlíðarfót. Þessi brú ætti að vera miklu einfaldari í framkvæmd og töluvert ódýrari en brú yfir sjó, með eina akrein fyrir Borgarlínu, auk göngu- og hjólabrautar. Að mati höfundar er þetta farsælasta leiðin. Hún hlífir Kársnesbúum við **óþarfa umferð um friðsælt hverfi**.

Stephen Fairbairn
021247-7589
Borgarholtsbraut 57
margretandsteve@internet.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Reykjavík, 31. maí 2021

Skipulagsdeild Kópavogs,
Digranesvegi 1,
200 Kópavogur

Efni: Umsögn Veitna ohf. um vinnslutillögu að rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur – Borgarlínan í Kópavogi

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar tillöguna *Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Borgarlínan í Kópavogi. 1. lota Borgarlínunnar, Kársnes – Hamraborg. Vinnslutillaga í forkynningu.*

Veitur hafa rýnt tillöguna m.t.t. áhrifa á innviði og mannvirki Veitna á framkvæmdasvæði Borgarlínu og umfjöllunar um þætti sem geta haft áhrif á umfang og tímaáætlun framkvæmdarinnar.

Veitur reka dreifikerfi hitaveitu og rafmagns í Kópavogi. Rekstur þessara kerfa byggja á umfangsmiklum innviðum neðanjarðar (lagna og strengja) auk mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka og dælustöðva hitaveitu sem eru nauðsynlegir til að tryggja þjónustu við höfuðborgarbúa. Breytingar á ofangreindum kerfum eru mjög kostnaðarsamar, auk þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna jarðvegsframkvæmda og umferðar vegna þungaflutninga.

Áhrif Borgarlínu á veitukerfi Veitna

Lagning Borgarlínu og þær breytingar á samgöngumannvirkjum sem henni fylgja hafa víðtæk áhrif á veitukerfi Veitna ohf. Í tengslum við framkvæmdir við Borgarlínu skapast bæði áskoranir og tækifæri til uppbyggingar veitukerfa höfuðborgarsvæðisins, en fyrir liggur að lagning Borgarlínu mun hafa áhrif á innviði Veitna þar sem færa þarf innviði Veitna úr vegstæði Borgarlínu.

Veitur hafa unnið skýrsluna *Frumdrög veitukerfa Veitna í tengslum við 1. lotu Borgarlínu*, dags. 23.04.2021. Í skýrslunni er greint frá lágmarks framkvæmdum sem er nauðsynlegar af hálfu Veitna ohf. vegna framkvæmda við Borgarlínu, þ.e. frumdrög að framkvæmdum við vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu í eigu Veitna ohf og heildarsett teikninga hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu (sjá fylgiskjöl [1, 2, 3, 4]). Auk þess koma fram helstu lagnir veitustofnanna, á hverjum kafla Borgarlínu, í skýrslunni *Borgarlínan. 1.lota forsendur og frumdrög,* janúar 2021.

Innviðir allra veitukerfa verða endurskoðaðir að hluta til á vegstæði Borgarlínu og er því ljóst að framkvæmdasvæðið sé mun stærra þegar veitukerfin eru innifalinn, en ef aðeins er verið að ræða Borgarlínuna sjálfa.

Kostnaður við þessar framkvæmdir vegna Borgarlínu áætlaðar um 4,5 milljarðar. Til að tryggja afhendingaröryggi til notenda þarf rekstur nýs veitukerfis að vera tryggður áður en framkvæmdir við Borgarlínu geta hafist.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

EBV-150-02

[1] Fylgiskjal 1: Frumdrög að framkvæmdum við vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu í eigu Veitna ohf.
[2] Fylgiskjal 2: Heildarsett teikninga hitaveitu um færslur vegna Borgarlínu
[3] Fylgiskjal 3: Heildarsett teikningar vatnsveitu um færslur vegna Borgarlínu
[4] Fylgiskjal 4: Heildarsett teikninga fráveitu um færslur vegna Borgarlínu

Umfjöllun um áhrif Borgarlínu á veitumannvirki í vinnslutillögunni

Umfjöllun um áhrif Borgarlínu á innviði og framkvæmdum þeim tengdar eru af skornum skammti í tillögunni. Æskilegt er að vísað sé til og tekið tillit til upplýsinga sem fram koma í ofangreindum gögnum. T.d. stendur í kafla 5.5.6 *„Engar stofnlagnir veitumannvirkja, þ.e. fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu eru í Borgarholtsbraut eða Bakkabraut. Ekki er talið líklegt að færa þurfi stofnlagnir vegna Borgarlínunnar á Kársnesi vegna skipulagstillögunnar“.*

Í kafla 3.6. frumdraganna er umfjöllun um lagnir á Kársnesi. 200 og 300 mm hitaveitulagnir liggja í Borgarholtsbraut og 11 kV háspennustrengir þvera og liggja meðfram Borgarholtsbraut og verða endurnýjaðir í tengslum við framkvæmdir við Borgarlínu.

Tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0011 til 165-EFU-0013[2]. Í austurhluta Borgarholtsbrautar liggur núverandi hitaveitustokkur. Gert er ráð fyrir að leggja nýja framrásarlögn í göngu- og hjólastíg en núverandi hitaveitustokkur lendir að hluta til í akrein Borgarlínu.

Í matslýsing aðalskipulagsbreytinganna er fjallað m.a. um áhrif aðalskipulagsbreytinga á veitukerfin. Þar kemur fram að áhrif Borgarlínu á veitumannvirkin séu óljós eða óveruleg. Það liggur hins vegar fyrir að áhrif á veitumannvirki verða mjög umtalsverð meðfram stórum hluta Borgarlínu, eins og lýst er í fyrrgreindri skýrslu, *Frumdrög veitukerfa Veitna í tengslum við 1. lotu Borgarlínu.*

Veitur mælast því til að tafla *6.3.Yfirlit yfir helstu gögn og viðmið sem eru höfð til hliðsjónar í matvinnu aðalskipulagsbreytingar* verði uppfærð og tekið tillit til þeirra gagna sem fyrir liggja. Einnig verði tafla *6.4.Samantekt umhverfisáhrifa* verðu uppfærð og kafli *6.5.6 Áhrif á veitumannvirki* verði endurskoðaður með tilliti til upplýsinga sem fram koma í fyrirliggjandi gögnum.

Veitur eru reiðubúnar til samstarfs og samráðs vegna aðalskipulagsbreytinganna og þeirra athugasemda sem hér eru settar fram.

Hólmfríður Bjarnadóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



FRUMDRÖG VEITUKERFA VEITNA OHF.

Í tengslum við 1. lotu Borgarlínu

23.04.2021



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

5114-131-SKY-001-V01

TITILL SKÝRSLU

Frumdrög veitukerfa Veitna ohf. í tengslum við 1. lotu Borgarlínu

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

19

VERKHEITI

Borgarlína vinnuhópur

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Þórhildur Þorkelsdóttir

VERKKAUPI

Veitur ohf.

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Anna H. Eydísardóttir

HÖFUNDUR

Anna Heiður Eydísardóttir, Jón Skúli Indriðason, Atli Már Ágústsson

LYKILORÐ

Vatnsveita, hitaveita, fráveita, rafveita, Borgarlína, frumdrög, veitumiðlar,

ÚTDRÁTTUR

Uppbygging Borgarlínu og þær breytingar á samgöngumannvirkjum sem henni fylgja hafa víðtæk áhrif á veitukerfi Veitna ohf. Í tengslum við framkvæmdir Borgarlínu skapast bæði áskoranir og tækifæri til uppbyggingar veitukerfa höfuðborgarsvæðisins. Í þessari skýrslu verða lögð fram frumdrög vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu í eigu Veitna ohf. auk þess sem farið verður yfir kostnaðaráætlun fyrir hvern veitumiðil.

STAÐA SKÝRSLU

☐ Í vinnslu
☐ Drög til yfirlestrar
☒ Lokið

DREIFING

☐ Opin
☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Heiður, Jón Skúli	02.20.21	Margrét Ásta	04.20.21	Anna Heiður	05.02.21

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

1 INNGANGUR

Samkvæmt Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir að byggja upp nýtt almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum og er fyrsta lota Borgarlínu upphafið á þeirri vegferð. Frumdrög fyrstu lotu Borgarlínu hafa verið mótuð og lögð fram í skýrslunni *„Borgarlínan 1. lota Frumdrög“.* Framkvæmdasvæði fyrstu lotu Borgarlínu nær frá Hamraborg í Kópavogi að Ártúnshöfða í Reykjavík, eins og sést á mynd 1.

Uppbygging Borgarlínu og þær breytingar á samgöngumannvirkjum sem henni fylgja hafa víðtæk áhrif á veitukerfi Veitna ohf. Í tengslum við framkvæmdir Borgarlínu skapast bæði áskoranir og tækifæri til uppbyggingar veitukerfa höfuðborgarsvæðisins.

Í þessari skýrslu verða lögð fram frumdrög vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu í eigu Veitna ohf. auk þess sem farið verður yfir kostnaðaráætlun fyrir hvern veitumiðil. Í viðhengi má finna teikningar sem sýna frumhönnun hvers veitumiðils.



MYND 1: Fyrsta lota Borgarlínu (Borgarlínan 1. lota Frumdrög, 2020)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

2 FORSENDUR FRUMDRAGA

2.1 Skilgreining verkefnis

Frumdrögin sem hér eru lögð fram fyrir veitumiðla Veitna ohf. byggja á lágmarks framkvæmd. Markmið frumdraga er að greina hvaða lagnir lenda í uppnámi vegna framkvæmda Borgarlínu og kalla þannig á framkvæmdir af hálfu Veitna ohf.

Uppbygging Borgarlínu er bæði mikil áskorun fyrir veitumiðla sem og tækifæri til að leggja nýjar lagnir lengri vegalengdir heldur en almennt gengur og gerist. Vegna þeirra tækifæra sem gætu verið til staðar telst líklegt að bætt verði við frumdrögin þegar verkefnið er komið lengra í hönnun. Allt sem flokkast undir framtíðar uppbyggingu kerfanna, aukinnar afkastagetu þeirra og kerfisbreytinga kerfanna er ekki hluti af þessum frumdrögum. Því verður bætt við á seinni stigum, ef það á við.

2.2 Kostnaður

Allir kostnaðarliðir sem lagðir eru fram í þessari skýrslu eru byggðir á frumdrögum og má því búast við að ákveðin skekkja sé í áætluðum gildum. Í samhengi við algengt erlent viðmið, staðalinn AACE International, 18R-97, telst áætlunin vera Class 4. Samkvæmt staðlinum má gera ráð fyrir -30% og +60% skekkju af áætluðum gildum.

Varðandi kostnaðarskiptingu milli Veitna ohf. og samstarfsaðila gilda þau viðmið sem lögð eru fram í skjalinu: „*Veitur – samstarfsaðilar og sveitafélög, kostnaðarskipting vegna færslu lagna í eigu Veitna*“. Kostnaðarskipting byggir á aldri lagna. Í kostnaðaráætlun hvers veitumiðils er búið að draga frá þann kostnað sem áætlað er að lendi ekki á Veitum ohf.

Helstu forsendur fyrir kostnaðarútreikningunum eru eftirfarandi:

- Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði við upprif og förgun yfirborðsefna.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum yfirborðsfrágangi
- Reiknaður er kostnaður við skurðgröft, lagningu röra með efniskostnaði og endurfyllingu í skurð. Gert er ráð fyrir að skurður sé að jafnaði grafinn niður úr botni uppbyggingar götu.

Í kostnaðaráætlun hvers veitumiðils eru lögð 40% ofan á grunnkostnað við jarðvinnu og lagnir, sem ætlað er að dekki sameiginlegan kostnað, hvers miðils í framkvæmdunum, svo sem öll öryggismál, merkingar framkvæmdasvæðis, aðstöðusköpun og fl. þess háttar auk annars ófyrirséðs kostnaðar. Einnig er búið að taka inn í útreikningana samlegðaráhrif þar sem lagnir mismunandi miðla liggja saman í skurði og efniskostnað. Gert er ráð fyrir að samlegðaráhrif þess að vatnsveitan og fráveitan liggi í sama skurði séu 10% og er kostnaður við vatnsveitu lækkaður samsvarandi. Sama á við um hitaveitu gagnvart rafveitu og er kostnaður við hitaveituna lækkaður um 5% á sama hátt. Ekki er gert ráð fyrir öðrum samlegðaráhrifum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

2.3 Lega lagna við Borgarlínu

Borgarlína á eins og kostur er að aka í sérrými á leið sinni um höfuðborgarsvæðið. Almenn umferð mun því að mestu leyti vera aðskilin frá Borgarlínu. Þetta er þó ekki algilt því á nokkrum köflum er um sameiginlega akrein að ræða, fyrir almenna umferð og Borgarlínu.

Á þessu stigi, í frumdrögum, er óljóst hversu miklar breytingar verða gerðar á núverandi vegyfirborði og hversu mikið verður grafið. Því er óvissa til staðar varðandi hvaða lagnir lenda í uppnámi vegna framkvæmda sem og hversu hentugt það er að endurnýja lagnir á mismunandi köflum. Í þessum frumdrögum hefur verið reynt að leggja mat á þessi atriði en í áframhaldandi hönnun þarf að endurmeta frumdrög með tilliti til þessara þátta.

Veitur ohf. hafa sett sér það sem viðmið að forðast að vera með nýjar lagnir undir Borgarlínu akrein. Vatns- og fráveitulögnum verður því komið fyrir í almennum akreinum en hita- og rafveitu í göngu- eða hjólastígum. Ekki er hentugt að hafa lagnir veitumiðla undir Borgarlínu akrein þegar kemur að viðhaldi lagna. Talið er betra að almenn umferð verði fyrir töfum eða lokunum vegna lagnaframkvæmda heldur en Borgarlína. Einnig er lagt upp með að forðast að hafa brunna og loka í Borgarlínu akrein vegna aðgengis.

Ljóst er að ekki er alls staðar hægt að sleppa því að hafa lagnir undir Borgarlínu akrein en ef mögulegt er að staðsetja lagnir annars staðar þá skal sá kostur nýttur.

2.4 Kaflaskipting

Í umræðu um hvern veitumiðil verður leiðinni í fyrstu lotu Borgarlínu skipt upp í kafla til að auðvelda yfirferð. Farið verður yfir aldur lagna í hverjum kafla, áætlaðar framkvæmdir skv. frumdrögum og stærðir lagna.

Upphafspunktur yfirferðar hjá hverjum veitumiðli er við Elliðavog en Borgarlínan mun þvera Elliðavog í nýrri brú og aka þannig milli Vogahverfis og Ártúnshöfða. Nýtt hverfi er í uppbyggingu við Ártúnshöfða og gert er ráð fyrir að nýjar lagnir allra veitumiðla verði lagðar í almenna akrein auk göngu- og hjólastíga þar sem Borgarlína keyrir í gegnum hverfið. Umfang nýlagna tengist uppbyggingu í hverfinu og er ekki sérstaklega farið yfir þann hluta í þessum frumdrögum.

Yfirferð frumdraga vatns- og fráveitu endar við Fossvogsbrú þar sem Veitur ohf. eiga ekki vatns- og fráveitu í Kópavogi, handan Fossvogsbrúar. Yfirferð frumdraga hita- og rafveitu endar hins vegar við Borgarholtsbraut þar sem Veitur ohf. eiga þá veitumiðla í Kópavogi.

Ekki er farið sérstaklega yfir Hverfisgötu í þessum frumdrögum þar sem nýjar lagnir allra veitumiðla liggja í Hverfisgötu og ekki er gert ráð fyrir að endurnýja eða breyta lagnakerfum í tengslum við uppbyggingu Borgarlínu.

Stokkur í Sæbraut er ekki hluti af 1. lotu Borgarlínu þó hann sé hluti af þeirri uppbyggingu sem tengist Borgarlínu. Áætlað er að Borgarlína aki yfir Sæbrautarstokk á leið sinni til og frá brú yfir Elliðavog. Sæbrautarstokkur fer undir núverandi yfirborð sunnan við gatnamót Sæbrautar, Skeiðarvogar og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Kleppsmýrarvegar og kemur aftur upp á yfirborð norðan við slaufu-gatnamót Miklubrautar og Sæbrautar. Ákveðið var að leggja fram frumdrög að veitumiðlum við Sæbrautarstokk í þessari skýrslu þar sem sú uppbygging tengist að miklu leyti 1. lotu Borgarlínu auk þess sem ljóst er að allar lagnir í núverandi Sæbraut, á þeim kafla þar sem stokkurinn er væntanlegur, lenda í uppnámi. Vegna fráveitu við Sæbrautarstokk er vísað í skýrslu Verkís: *Kerfisrannsóknir fráveitu – Stokkar Miklubraut og Sæbraut.*

Afvötnun akbrauta og göngu-og hjólastíga sem tengjast uppbyggingu Borgarlínu er ekki hluti af þessum frumdrögum. Þannig er ekki farið yfir staðsetningu eða færslu niðurfalla eða lögð frumdrög að ofanvatnslausnum. Hins vegar eru nýjar regnvatnslagnir sýndar og gert ráð fyrir að afvötnun vega og stíga tengist í þær lagnir. Vegna afvötnunar og lausna við Lækjargötu/Fríkirkjuveg/Skothúsveg er vísað í skýrslu Verkís: *Vatnsmýri ofanvatnsáætlun – Frumhönnun.*

Greiningarvinnu vegna rafveitu var gerð með aðstoð frá Luksjá Veitna. Í kostnaðarliðum er gert ráð fyrir færslu, útskiptingu eða vinnu á strengjum.

Háspennustrengir sem eru af PEX gerð hafa endingartíma upp á að minnsta kosti 40 ár. Miðað við þá staðreynd er gert ráð fyrir að strengir sem eru eldri en 35 ára skulu vera endurnýjaðir. Yngri strengir skulu vera endurnýttir, færðir um skurðlegu ef um árekstra við akbraut er, skulu þeir færðir í gangstétt. Sama á við um lágspennustrengi.

Ekki hefur verið tekið tillit til kostnaðar á götuljósum, umferðarljósum eða strengjum fyrir þann verkþátt.

Ein stærsta og kostnaðarsamasta framkvæmdin er færsla á 132 kV háspennustreng sem liggur í Suðurlandsbraut að austan verðu. Núverandi lega strengs er í moldarjarðvegi / grasi en mun liggja í strætisvagnaakrein Borgarlínunnar. Jarðvegsskipti er nauðsynleg vegna kröfu á burðargetu akreinar. Gerum ráð fyrir að jarðvegsskiptin séu dýpri en 1100 mm sem er skurðdýptin samkvæmt Luksjá.

Þar sem endanleg hönnun liggur ekki fyrir á leiðum Borgarlínunnar er gert ráð fyrir að endurnýja gamla strengi og endurnýja yngri strengi. Endurmeta verður við hvert snið hversu mikið þarf að vinna þegar endanleg hönnun liggur fyrir. Heilt yfir liggja ekki mikið af strengjum í akbrautum Borgarlínunnar, núverandi lega strengja er að megninu til í gangstéttum. Þveranir yfir akbrautir er stór verkþáttur og í öllum verkköflum. Ástand og aldur strengja er stærsti óvissu þátturinn bæði í legu strengja í gangstéttum sem og þverunum, því er tekin útgangspunktur í aldri líkt og nefnt var hér að ofan.

Núverandi lega tengiskápar fyrir heimtaugar er að mestu leyti í kanti á gangstétt. Kostnaður við tengiskáp er meðhöndlun, aftengja, fjarlægja tímabundið og tengja aftur. Einnig þarf að aftengja og endurnýja gamla strengi.

Mikið er af ónotuðum strengjum, bæði gömlum og nýjum. Kostnaður við eldri en 35 ára strengi er áætlaður förgunarkostnaður. Ekki eru upplýsingar um hvort strengir séu olíufylltir í Luksjá.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3 HITAVEITA

Hér verður farið yfir frumdrög hitaveitu og lögð fram kostnaðaráætlun. Yfirferðin byggir á kaflaskiptingu en heildar kostnaðaráætlun verður sett fram eftir yfirferð kaflanna.

3.1 Þverun Elliðavogs, Sæbraut og Suðurlandsbraut að Grensásvegi

3.1.1 Núverandi lagnir

Tafla 1 sýnir núverandi lagnir á kaflanum, stærð þeirra og lagningarár.

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Sæbraut að gatnamótum við Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog	350 mm framrás	2001
Frá gatnamótum Sæbrautar og Miklubrautar að Grensásstöð	450/500 mm framrás	1997/1999/2017
Vestasti kafli Suðurlandsbrautar, við Mörkina	65/80 mm framrás	2007/2018
Suðurlandsbraut frá Skeiðarvogi að Grensásstöð	125/200 mm fram- og bakrás	1999
Þverun Suðurlandsbrautar, austan Grensásvegar	350 mm framrás	2008

3.1.2 Frumdrög

Frumdrög hitaveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0001 til 165-EFU-0002. Lagt er til að lögð verði ný DN700 framrásarlögn með brú yfir Elliðavog. Núverandi lagnir í Sæbraut, frá Elliðavogsstöð og að gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog, lenda í uppnámi vegna væntanlegs vegstokks í Sæbraut á þessum kafla. Því þarf að leggja nýjar hitaveitulagnir meðfram stokknum og gert er ráð fyrir að þær verði DN600 framrás og DN500 bakrás. Núverandi DN100 framrás þverar Suðurlandsbraut vestan við Langholtsveg. Þar sem enginn vegur er í dag á þessu svæði og gert er ráð fyrir í frumdrögum Borgarlínu að nýr vegur verði lagður þá er líklegt að lögnin lendi í uppnámi og að hana þurfi að endurleggja.

Austan við gatnamót Suðurlandsbrautar og Skeiðarvogs og að gatnamótum við Grensásveg liggur núverandi DN500 stofnlögn ásamt minni dreifilögnum. Þessar lagnir lenda í almennri akrein eftir uppbyggingu Borgarlínu og því er gert ráð fyrir að þær þurfi að færa í göngu- og hjólastíg. Núverandi lagnir á þessum stað munu einnig lenda í uppnámi vegna nýs skipulags og uppbyggingaráforma við Skeifuna.

3.1.3 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður fyrir kaflann er áætlaður 770 MKr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3.2 Suðurlandsbraut frá Grensásvegi að Laugavegi

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Á kaflanum milli Suðurlandsbrautar 14 og 32	150 mm fram- og bakrás	2018
Á kaflanum milli Laugavegar og Suðurlandsbrautar 14	100 mm fram- og bakrás	1964
Þverun Suðurlandsbrautar austan gatnamóta Suðurlandsbrautar og Laugavegar	350 og 400 mm framrás	2004

3.2.1 Frumdrög

Frumdrög hitaveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningu 165-EFU-0003. Vestan við Vegmúla liggja núverandi fram- og bakrásarlagnir frá 1964 nálægt lóðum og undir bílastæðum. Lagt er til að þessar lagnir verið endurnýjaðar í göngu- og hjólastíg alveg að gatnamótum Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar. Við Lágmúlareit er áætluð mikil uppbygging og líklegt að núverandi hitaveitulagnir á reitnum lendi í uppnámi. Í áframhaldandi hönnun lagna í tengslum við Borgarlínu þarf að huga að hvort færa á þessar lagnir í göngu- og hjólastíg, samhliða uppbyggingu Borgarlínu.

3.2.2 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður fyrir kaflann er áætlaður 70 MKr.

3.3 Laugavegur og Hlemmur

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Við Laugaveg frá Bolholti að Hátúni	350 mm og 125 mm framrás, 150 mm bakrás	2003
Þverun Laugavegar við Hátún	350 mm og 125 mm framrás, 150 mm bakrás	2003
Þverun Laugavegar við Hlemm	150 mm framrás	1997
Í Rauðarárstíg	80 mm framrás	1987, 1989
Sunnan Laugavegar við Hlemm	200 og 150 mm framrás	1997, 2007
Þverar Hlemm við Snorrabraut	150 mm framrás	1984

3.3.1 Frumdrög

Frumdrög hitaveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningu 165-EFU-0004. Vestan við Bolholt liggur DN350 stofnlögn ásamt minni dreifilögnum, frá 2003, sem lenda í almennri akrein eftir breytingar. Því er gert ráð fyrir að endurnýja þessar lagnir í göngu- og hjólastíg.

Við Hlemm er gert ráð fyrir töluverðum breytingum á hitaveitulögnum. Nýjar lagnir tengjast bæði uppbyggingu Borgarlínu og nýju skipulagi við Hlemm. Hitaveitulagnir verða endurnýjaðar í Rauðarárstíg, í þverun Laugavegs og sunnan við Laugaveg.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3.3.2 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður fyrir kaflann er áætlaður 70 MKr.

3.4 Lækjargata að Háskóla Íslands

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Neðst í Hverfisgötu	250 mm framrás	1990
Þverun Lækjargötu við Bankastræti	250 mm framrás og 80 mm bakrás	2003
Norðvestan við Lækjargötu	100 mm framrás	1998
Við Skothúsveg	250 mm framrás	1983
Við Melatorg	100 mm framrás	1962
Við Suðurgötu		2020
Við Sturlugötu	250 mm bakrás 100 mm framrás 150 mm framrás	1962-2020

3.4.1 Frumdrög

Frumdrög hitaveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0005 til 165-EFU-0008. Í Hverfisgötu, vestan við Ingólfsstræti, liggur núverandi 250 mm framrás hitaveitu. Sú lögn var ekki endurnýjuð í tengslum við breytingar á Hverfisgötu. Lögnin lendir í akrein Borgarlínu eftir breytingar og því er gert ráð fyrir að hana þurfi að endurnýja og leggja í göngu- og hjólastíg. Bakrásarlögn verður lögð samsíða. Vestan við Lækjargötu liggja núverandi lagnir sem tengjast að húsum í götunni. Þessar lagnir eru frá 1998 og ekki talin þörf á því að endurnýja þær nema þær lendi í uppnámi vegna breytinga yfirborðs. Í Skothúsvegi er gert ráð fyrir að endurnýja núverandi framrás í stokki og tvöfalda hitaveitukerfið. Í Suðurgötu liggja nýjar hitaveitulagnir og því ekki þörf á framkvæmdum á þeim kafla. Í Sturlugötu liggur eldri bakrásarlögn í stokki og hana er gert ráð fyrir að endurnýja í göngu-og hjólastíg. Á þessum kafla er lega vegarins einnig að breytast þónokkuð. Austar í Sturlugötu verða lagðar nýjar fram- og bakrásarlagnir sem tengjast við nýlegar lagnir í Bjarkargötu. Óljóst er á þessu stigi hvernig uppbygging verður í kringum BSÍ og því ekki hægt að leggja fram frumdrög veitumiðla á því svæði.

3.4.2 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður fyrir kaflann er áætlaður 130 MKr.

3.5 Landspítali Háskólasjúkrahús að Fossvogsbrú

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Gatnamót Hringbrautar og Bústaðavegar	400 mm, 400 mm og 500 mm framrásir	2020, 2005, 1989
Arnarhlíð	200 mm og 80 mm framrásir 200 mm bakrás	2019, 2017
Nauthólsvegur norðan við HR	250 mm framrás og bakrás	2009
Nauthólsvegur vestan og sunnan við HR	150 mm framrás og bakrás	2007

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3.5.1 Frumdrög

Frumdrög hitaveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0008 til 165-EFU-0011. Á svæði Landspítala Háskólasjúkrahúss liggja nýjar hitaveitulagnir sem lagðar voru/verða í tengslum við uppbyggingu á svæðinu. Því verður ekki farið yfir frumdrög á því svæði í þessari skýrslu. Ekki er heldur ljóst á þessu stigi hvernig gatnamót Bústaðavegar og Miklubrautar verða útfærð. Gert er ráð fyrir að Borgarlína þveri Miklubraut og tengist yfir að Arnarhlíð. Einnig er gert ráð fyrir í Samgöngusáttmála ríkis og sveitafélaga að væntanlegur Miklubrautarstokkur komi til með að liggja frá þessum gatnamótum og að Kringlunni. Þó svo að mikil óvissa sé á þessu svæði þá er talið líklegt að allar hitaveitulagnir við gatnamótin lendi í uppnámi og að þörf verði að endurleggja þær vestar. Í Nauthólsvegi er gert ráð fyrir að leggja nýjar hitaveitulagnir norðan og vestan við HR. Ekki er vitað hvernig uppbygging Borgarlínu verður á svæðinu við HR og því ekki ljóst hvar nýjar hitaveitulagnir munu liggja. Lagðar verða nýjar hitaveitulagnir, framrás og bakrás, í Fossvogsbrú og þannig er komin tenging frá Reykjavík yfir á vesturhluta Kársness.

3.5.2 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður fyrir kaflann er áætlaður 660 MKr.

3.6 Kársnes

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Við Bakkabraut	Heimlagnir	1998
Við Borgarholtsbraut	200 mm og 300 mm framrásir	1976

3.6.1 Frumdrög

Frumdrög hitaveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0011 til 165-EFU-0013. Í austurhluta Borgarholtsbrautar liggur núverandi hitaveitustokkur. Gert er ráð fyrir að leggja nýja framrásarlögn í göngu- og hjólastíg en núverandi hitaveitustokkur lendir að hluta til í akrein Borgarlínu.

3.6.2 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður fyrir kaflann er áætlaður 50 MKr.

3.7 Heildarkostnaðaráætlun fyrir hitaveitu

Heildarkostnaður allra kafla vegna hitaveitulagna er 1750 MKr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4 VATNSVEITA

Hér verður farið yfir frumdrög vatnsveitu og lögð fram kostnaðaráætlun. Yfirferðin byggir á kaflaskiptingu en heildar kostnaðaráætlun verður sett fram eftir yfirferð kaflanna.

4.1 Þverun Elliðavogs, Sæbraut og Suðurlandsbraut að Grensásvegi

4.1.1 Núverandi lagnir

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Sæbraut að gatnamótum við Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog	350 mm	1987
Frá gatnamótum Sæbrautar og Miklubrautar að gatnamótum Sæbrautar og Grensásvegar, norðan við Suðurlandsbraut	600 mm	1988/2006
Vestasti kafli Suðurlandbrautar, við Mörkina	225 mm	2007
Þverun Suðurlandsbrautar við Mörkina	250 mm	1989
Þverun Suðurlandsbrautar við Faxafen	180 mm	1985
Þverun Suðurlandsbrautar vestan Faxafens	200 mm	1999

4.1.2 Frumdrög

Frumdrög vatnsveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0001 til 165-EFU-0003. Lögð verður ný stofnæð með væntanlegri brú yfir Elliðavog og gæti sú stofnæð tengst núverandi stofnlögnum við Rafstöðvarveg í framtíðinni. Þannig að sú tenging verði að veruleika þarf að halda áfram með stofnæðina frá brúnni yfir Elliðavog og í suðurátt niður Sævarhöfða að lögnum í Rafstöðvarvegi. Núverandi lagnir í Sæbraut, frá gatnamótum Sæbrautar við Miklubraut og að gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog, lenda í uppnámi vegna væntanlegs vegstokks í Sæbraut á þessum kafla. Því þarf að leggja nýja stofnæð vatnsveitu á þessum kafla. Mögulega þarf að þvera stokkinn á einum stað en líklegt þykir að hægt verði að leggja þá lögn fyrir ofan stokkinn. Við Suðurlandsbraut á móts við Skeifuna er gert ráð fyrir að endurnýja og stækka lagnir sem í dag liggja nálægt núverandi lóðamörkum. Samkvæmt nýju skipulagi í Skeifunni þá verður mikil uppbygging á svæðinu og líklegt að núverandi lagnir lendi í uppnámi vegna nýrra bygginga. Er því talið hentugt að færa lagnir út í almenna akrein þar sem þær verða ekki fyrir áhrifum frá uppbyggingu í Skeifunni.

4.1.3 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður við kaflann er metinn 105 Mkr

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4.2 Suðurlandsbraut frá Grensásvegi að Laugavegi

4.2.1 Núverandi lagnir

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Norðan Suðurlandsbrautar	600 mm	1988
Á kaflanum milli Grensásvegar og Vegmúla	200 mm og 150 mm	1988, 1971
Á kaflanum milli Vegmúla og Kringlumýrarbrautar	225 mm og 150 mm	2018, 1971

4.2.2 Frumdrög

Frumdrög vatnsveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0003 til 165-EFU-0004. Vestan við gatnamót Grensásvegar og Suðurlandsbrautar er lagt til að núverandi vatnsveitulögn sem þverar Suðurlandsbraut verði endurnýjuð sem og að núverandi lagnir sem lenda í Borgarlínu akrein verði endurnýjaðar í almennri akrein. Austan við gatnamót Vegmúla og Suðurlandsbrautar er einnig gert ráð fyrir að endurnýja núverandi vatnsveitulögn sem þverar Suðurlandsbraut auk þess sem núverandi vatnsveitulögn sem liggur samsíða Suðurlandsbraut verði endurnýjuð í almennri akrein. Á þessum kafla liggja núverandi lagnir alveg við lóðamörk og því gert ráð fyrir að endurnýja þær í almennri akrein Borgarlínu frekar en að endurnýja þær seinna meir í núverandi legu.

4.2.3 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður við kaflann er metinn 30 Mkr

4.3 Laugavegur og Hlemmur

4.3.1 Núverandi lagnir

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Norðan Laugavegar að Hátúni	400 mm	1989
Í Laugavegi milli Kringlumýrarbrautar og Snorrabrautar	280 mm og 180 mm	1992
Í Laugavegi austan við Ásholt	100 mm	1925
Í Laugavegi milli Þverholts og Ásholts	Minni dreifilagnir	2005
Í Rauðarárstíg	Minni dreifilagnir	1985

4.3.2 Frumdrög

Frumdrög vatnsveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0004 til 165-EFU-0005. Vestan við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugavegar lendir núverandi 180/280 mm vatnsveitulögn í Borgarlínu akrein. Því er gert ráð fyrir að endurleggja hana í almennri akrein alveg frá gatnamótunum og að Hlemmi. Lagt er til að tengja nýja lögn í Laugavegi við núverandi lagnir í Bríetartúni. Einnig verða núverandi lagnir í Rauðarárstíg og dreifilagnir sunnan við Laugaveg endurnýjaðar. Frekari uppbygging og endurnýjanir eru skipulagðar í tengslum við skipulagsbreytingar við Hlemm.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4.3.3 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður við kaflann er metinn 30 Mkr.

4.4 Lækjargata að Háskóla Íslands

4.4.1 Núverandi lagnir

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Neðst í Hverfisgötu	150 mm	1915
Í Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis	200 mm	1974
Þverun Lækjargötu við Bankastræti	200 mm	2003
Norðvestan við Lækjargötu	250 mm	1984
Þverun Lækjargötu við Bókhlöðustíg	225 mm	2004
Í Fríkirkjuvegi	315 mm	1988
Í Skothúsvegi	80 mm	1925
Í Suðurgötu norðaustan gatnamóta við Skothúsveg	100 mm	1978
Við Melatorg	80 mm, 225 mm	1938, 2004
Við Suðurgötu, suðvestan við Melatorg		2020
Við Sturlugötu	80 mm, 100 mm, 225 mm	1956, 1967, 2000

4.4.2 Frumdrög

Frumdrög vatnsveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0006 til 165-EFU-0009. Norðvestast í Hverfisgötu liggur núverandi eldri lögn sem verður endurnýjuð og lögð í almenna akrein. Í Lækjargötu og Fríkirkjuvegi er einnig gert ráð fyrir að endurnýja vatnsveitulagnir en þó er einungis gert ráð fyrir að endurnýja lagnir ef farið verður í breytingar á veginum. Í vestari hluta Skothúsvegar verður eldri vatnsveitulögn endurnýjuð. Í Suðurgötu liggja nýjar lagnir veitumiðla og því verða engar lagnir þar endurnýjaðar. Í Sturlugötu er hins vegar gert ráð fyrir að endurnýja vatnsveitulagnir og leggja í nýja legu vegar. Ekki er á þessu stigi búið að ákveða hvernig uppbygging verður í kringum BSÍ og því eru ekki lögð fram frumdrög veitumiðla á því svæði.

4.4.3 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður við kaflann er metinn 35 Mkr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4.5 Landspítali Háskólasjúkrahús að Fossvogsbrú

4.5.1 Núverandi lagnir

STAÐSETNING	STÆRÐ LAGNA	LAGNINGARÁR
Gatnamót Hringbrautar og Bústaðavegar	500 mm, 600 mm	2005
Arnarhlíð	400 mm	2018
Nauthólsvegur norðan við HR	400 mm	2008, 2009
Nauthólsvegur vestan og sunnan við HR	225 mm	2007

4.5.2 Frumdrög

Frumdrög vatnsveitu og tillaga að nýjum lögnum eru sýnd á teikningum 165-EFU-0009 til 165-EFU-0011. Á svæðinu við Landspítala Háskólasjúkrahús verða lagðar nýja lagnir veitumiðla í tengslum við uppbyggingu á reitnum og verða þær ekki teknar fyrir í þessum frumdrögum. Við gatnamót Bústaðavegar og Miklubrautar liggja stórar stofnæðar vatnsveitu. Ekki er ljóst á þessu stigi hvernig gatnamótin verða útfærð en væntanlegur Miklubrautarstokkur mun liggja frá þessum gatnamótum og að Kringlunni. Líklegt þykir að núverandi stofnæðar og lokahús vatnsveitu við gatnamót Bústaðavegar og Miklubrautar munu lenda í uppnámi við framkvæmdir Borgarlínu og Miklubrautarstokks. Í Nauthólsvegi er gert ráð fyrir að leggja nýja stofnlögn vatnsveitu alveg niður að Fossvogsbrú. Nýja stofnæðin liggur áfram að Skerjafirði og Vesturbæ Reykjavíkur. Mögulegt er að leggja einnig vatnsveitulögn í Fossvogsbrú og tengja þannig við vatnsveitukerfið í Kópavogi, meta þarf í áframhaldandi hönnun hvort þessi tenging milli sveitarfélaga sé viðeigandi.

4.5.3 Kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður við kaflann er metinn 115 Mkr

4.6 Heildarkostnaðaráætlun fyrir vatnsveitu

Heildarkostnaður allra kafla vegna vatnsveitulagna er 315 Mkr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

5 FRÁVEITA

Hér verður farið yfir frumdrög fráveitu og lögð fram kostnaðaráætlun. Yfirferðin byggir á kaflaskiptingu en heildarkostnaður verður einnig settur fram eftir yfirferð kaflanna.

Nokkur almenn atriði gilda um uppbyggingu fráveitu í tengslum við Borgarlínu. Stór hluti uppbyggingarinnar í 1. lotu Borgarlínu felur í sér breytingar á yfirborði og því einnig breytingar í afvötnun vega og stíga. Í þessum frumdrögum er almennt lagt til að tvöfalda fráveitukerfið samhliða uppbyggingu Borgarlínu og leggja nýjar regnvatnslagnir á nokkuð löngum köflum. Nýjar þveranir akbrauta sem tengjast uppbyggingu Borgarlínu verða tvöfaldaðar þó svo að regnvatnskerfi liggi ekki lengra heldur en yfir þverun. Regnvatnslagnir verða tímabundið tengdar inn á skólplagnir þar sem regnvatnskerfi nær ekki lengra heldur en þverun. Gert er ráð fyrir að regnvatnslagnir verði aftengdar frá skólplögnum þegar haldið verður áfram með uppbyggingu regnvatnskerfis og/eða ofanvatnslausnum komið fyrir. Vert er að benda á að gert er ráð fyrir að ofanvatn frá vegum og stígum sem tengjast Borgarlínu streymi að ofanvatnslausnum meðfram nýjum akreinum áður en ofanvatn streymir að niðurföllum og regnvatnslögnum. Regnvatnslagnir eiga einungis að taka við hreinsuðu ofanvatni frá ofanvatnslausnum og í undantekningartilfellum einnig yfirfalli frá ofanvatnslausnum, við viðburði sem yfirstíga hönnunarviðburð ofanvatnslausna.

